



Ársskýrsla og reikningar UMSK 2013

90. ársþing 27. febrúar 2014

Efnisyfirlit

Dagská 90. ársþings	4
Aðildarfélög UMSK 2013	5
Ávarp formanns	6
89. ársþing UMSK	7
Stjórn UMSK 2013	8
Aðildarfélög UMSK	9
Fjöldi félaga og iðkenda	11
Fjöldi iðkenda pr. íþróttagrein	12
Punktar úr starfi UMSK 2013.....	13
Lottó reglugerð	16
Fréttir frá UMFÍ.....	17
Fréttir frá ÍSÍ	20
Afreksmannasjóður UMSK	22
Reglugerð um heiðursveitingar	22
Frá félögum	23
Lög UMSK.....	40
Héraðsmet í frjálsum.....	42
Viðurkenningar	44
Heiðursviðurkenningar	45
Fyrirmyndarfélög	48
Af spjöldum sögunnar	49
Reikningar 2013	50



Ungmennasamband Kjalarnesþings

Skýrslan

Skýrsla 2013, lögð fram á 90. ársþingi
Ungmennasambands Kjalarnesþings var unnin
á skrifstofu UMSK af Valdimar Gunnarssyni
í febrúar 2014.

Umbrot og hönnun:

Magnús Óskarsson

Höfundar efnis:

Valdimar Leó Friðriksson

Valdimar Gunnarsson

Jón Kristján Sigurðsson

Halla Kjartansdóttir

Ljósmyndir: Úr safni UMSK og frá félögum.

Prentun: Litlaprent.

90. ársþings UMSK

Haldið í Laugardalshöll fimmtudaginn 27. febrúar 2014 kl. 18:00

Dagskrá

Kl. 18:00

Þingsetning

Kosning fyrsta og annars þingforseta
Kosning fyrsta og annars þingritara
Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar
Skýrsla stjórnar lögð fram
Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Ávörp gesta

Álit kjörbréfanefndar
Staðfesting á aðild nýrra félaga
Umræður um skýrslu stjórnar
Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd

Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram
Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram
Aðrar tillögur lagðar fram
Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir
Afgreiðsla á álit nefnda

Önnur mál

Kosningar, kjörnefnd skilar álit
a. Kosning formanns
b. Kosning tveggja stjórnarmanna
c. Kosning þriggja manna í varastjórn
d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
e. Kosning til Íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttþing er haldið

Þingslit

Aðildarfélag UMSK 2013

- fjöldi félaga 16 ára+/fjöldi fulltrúa á þing

Aðildarfélag:	Fjöldi félaga 16+	Fjöldi þingfulltrúa
Augnablik	0	1
Dansfélagið Hvönn	308	3
Dansíþróttafélag Kópavogs	595	6
Golfklúbbur Álftaness	140	1
Golfklúbbur Bakkakots	243	2
Golfklúbburinn Kjölur	673	7
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	619	6
Golfklúbburinn Oddur	1120	9
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	1581	9
Handknattleiksfélag Kópavogs	7983	9
Hestaíþróttafélagið Hörður	696	7
Hestamannafélagið Adam	42	1
Hestamannafélagið Sprettur	669	7
Hestamannafélagið Sóti	92	1
Hjólreiðafélagið Hjólamenn	43	1
Hvíti riddarinn	0	1
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	97	1
Íþróttafélagið Gáski	37	1
Íþróttafélagið Gerpla	6305	9
Íþróttafélagið Glóð	177	2
Íþróttafélagið Gróttu	1498	9
Judófélag Garðabæjar	3	1
Knattspyrnufélag Garðabæjar	50	1
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	71	1
Kraftlyftingafélag Garðabæjar	40	1
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	23	1
Kraftlyftingafélag Seltjarnarness	42	1
Rugbyfélagið Stormur	0	1
Siglingafélagið Ýmir	277	3
Skautafélagið Fálkar	110	1
Skotfélag Kópavogs	281	3
Skylmingafélag Seltjarnarness	31	1
Stálúlfur	83	1
Tennisfélag Kópavogs	639	6
Tennisfélag Garðabæjar	133	1
Umf. Álftaness	1150	9
Umf. Breiðablik	8917	9
Umf. Stjarnan	3277	9
Ungmennafélagið Afturelding	3637	9
Vélhjólaíþróttaklúbbur Mosfellsbæjar	204	2
Fótboltafélagið Skínandi	0	1
Bogfímifélagið Boginn	0	1
Knattspyrnufélagið Vatnaliljur	0	1
	41886	157

Ávarp formanns



Ágætu þingfulltrúar.

Innan UMSK eru 43 félög, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 44 deildir þannig að samtals eru þetta 87 einingar. Félagsmenn eru 61.221 og þar af eru 24.510 iðkendur í 27 íþróttagreinum.

Til að setja þennan fjölda í samhengi þá er UMSK 43% af UMFÍ, hvort sem um ræðir fjölda félagsmanna eða fjölda iðkenda.

Á sama tíma og UMSK stækkar og eflist og aðildarfélögum og deildum fjölga, þá hefur orðið fækkun í flestum öðrum íþróttahéruðum á landinu. Þessi mikla fjölgun og þær breytingar sem hafa orðið í þjóðfélaginu kalla á naflaskoðun hjá íþróttahéruðunum. Hvað erum við að gera í dag og hvar sjáum við okkur í framtíðinni. Í því ljósi ákvað stjórn UMSK að fara í Stefnumótunarvinnu í samvinnu við KPMG og munu þeir kynna vinnuferilinn og niðurstöður sínar og grasrótartíðni hér á eftir. Við munum síðan ræða þessi mál og móta okkur framtíðarsýn.

UMSK er samkvæmt landslögum, regnblíf fyrir íþrótt- og ungmennafélög í Kópavogi, Garðabæ, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Kjósasýslu, svæði sem áður voru dreifbýlið

í kring um Reykjavík. Í 6. gr. íþróttalaga segir; “Landið skiptist í íþróttahéruð. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands annast skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum.” Hlutverk UMSK er síðan skráð í lög Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Ef það er áhugi á að breyta þessu fyrirkomulagi þá þarf það að vera vilji aðildarfélaga sjálfra, og háð samþykki UMFÍ og ÍSÍ.

Ágætu þingfulltrúar.

Það eru að verða töluverðar breytingar á stjórn sambandsins. Á síðasta þingi hætti m.a. Svanur M. Gestsson sem setið hafði í stjórn UMSK í 27 ár. Á þessu þingi gefa þrír stjórnarmenn ekki kost á sér áfram, þau Alda Helgadóttir, Albert N.H. Valdimarsson og Ester Jónsdóttir. Albert, eftir 20 ára stjórnarsetu og Ester, 24 ára. Þessu fólki kunnum við miklar þakkir fyrir farsælt starf í þágu UMSK og aðildarfélaga þess.

Að lokum þakka ég stjórn, framkvæmdastjóra og aðildarfélögunum fyrir frábært starf og samstarf.

Valdimar Leó Friðriksson formaður.

89. ársþing UMSK 2013

var haldið fimmtudaginn 28. febrúar 2013 kl. 18.00 í Félagsheimilinu Seltjarnarnesi.



Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK, setti þingið. Valdimar sagði m.a. að starfsárið væri búið að vera mjög viðburðaríkt þar sem 90 ára afmæli sambandsins bar hæst. Valdimar fór yfir helstu verkefni á árinu og hvatt menn til að huga að söguritun og sagði frá því að sambandið hefur látið skrifa sögu fyrstu tuttug ára þess. Valdimar minntist á ánægjukönnun sem sambandið stóð fyrir að gerð var í samstarfi við ÍSÍ og UMFÍ þar sem fram kemur að félögin á sambandssvæðinu eru að standa sig vel á flestum sviðum starfsins.



Níutíu og tveir þingfulltrúar mættu á þingið frá 21 félagi. Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ og Jón Pálsson stjórnarmaður UMFÍ ávörpuðu þingið. Þingið staðfesti inngöngu fjögurra nýrra félaga í sambandið þ.e. Hestamannafélagið Sprettur, Knattspyrnufélagið Skínandi, Knattspyrnufélagið Vatnaliljur og Bogfímifélagið Boginn.

Hagnaður var af rekstri sambandsins á árinu uppá kr. 576.657.

Valdimar Leó Friðriksson var endurkjörinn formaður til eins árs. Aðrir kosnir í stjórn Ester Jónsdóttir, Magnús Gíslason og Albert Valdimarsson. Margrét Björnsdóttir situr áfram. Í varastjórn voru kosin Alda Kolbrún Helgadóttir, Helga Jóhannesdóttir og Guðmundur Sigurbergsson.

Þrír aðilar hættu í stjórn þeir Einar Jóhannsson, Halldór Valdimarsson og Svanur M. Gestsson. Svanur hafði setið í stjórn yfir tuttugu ár og verið formaður til margra ára. Formaður kallaði hann til sín og færði honum blóm og blómavasa í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf.

Afhending viðurkenninga til afreksmanna á sviðum íþrótta- og félagsmála á þinginu.

Afreksbikarar:

1. UMFÍ bikarinn – Gerpla meistaraflokkur kvenna
2. Fimleikabikarinn – Gerpla meistaraflokkur kvenna
3. Sundbikar UMSK – Guðný Erna Bjarnadóttir – Breiðabliki.

4. Skíðabikar UMSK – Erla Ásgeirsdóttir – Breiðabliki
5. Dansbikarinn UMSK – Andri Fannar Pétursson og Aníta Lóa Hauksdóttir – HK
6. Frjálsíþróttabikar UMSK – Kári Steinn Karlsson – Breiðabliki.
7. Afreksbikar UMSK – Auðunn Jónsson – Breiðabliki
8. Félagsmálaskjöldur – Magnús Örn Helgason – Gróttu



Starfsmerki UMSK:

Almar Guðmundsson, Stjarnan
Jóhann Steinar Ingimundarson Stjarnan
Sigurður Sveinn Þórðarsson Stjarnan
Þorsteinn Þorbergsson Stjarnan
Hafðís Ebba Guðjónsdóttir HK
Kristinn Guðmundsson HK
Hilmar Rafn Kristinsson HK
Hörður Már Magnússon HK
Magnús Orri Sæmundsson, HK
Hannes Sveinbjörnsson Ýmir
Aðalsteinn Jens Loftsson Ýmir
Benedikt Guðmundsson Breiðablik
Einar Ingvarsson Breiðablik
Heiðar Bergmann Heiðarsson Breiðablik
Jón Magnússon Breiðablik
Magnús Skúlason Breiðablik
Pétur Ómar Ágústsson Breiðablik

Steini Þorvaldsson Breiðablik
 Örn Jónsson Breiðablik
 Sigríður Bjarnadóttir Glóð
 Helga Jóhannesdóttir Afturelding
 Kristín Reynisdóttir Afturelding
 Ólafur Óskarsson Afturelding
 Jón Pálsson Afturelding
 Guðni Friðgeirsson Motomos



Silfurmerki UMSK:

Bjarki Már Sverrisson Aftureldingu
 Kristín Finnbogadóttir Gróttu
 Kristinn Jóhannesson Breiðabliki
 Valdimar Valdimarsson Breiðabliki
 Sverrir Hauksson Breiðabliki
 Þorsteinn Ragnarsson Gusti
 Hallur Birgisson Aftureldingu



Stjórn UMSK

Stjórnin hélt 9 formlega fundi milli þinga.



Formaður
Valdimar Leó Friðriksson
 Aftureldingu



Varaformaður
Ester Jónsdóttir
 Breiðabliki



Gjaldkeri
Albert H.N. Valdimarsson
 HK



Ritari
Margrét Björnsdóttir
 Ými



Meðstjórnandi
Magnús Gíslason
 HK



Varastjórn
Guðmundur Sigurbergsson
 Breiðablik



Varastjórn
Helga Jóhannesdóttir
 Aftureldingu



Varastjórn
Alda Kolbrún Helgadóttir
 Breiðabliki



Framkvæmdastjóri
 Framkvæmdastjóri sambandsins
 er **Valdimar Smári Gunnarsson.**

Skrifstofan

Skrifstofa sambandsins er að Engjavegi 4, Reykjavík
 og er opin alla virka daga frá 9:00 -16:00.

Aðildarfélög UMSK 2013



Afturelding www.afturelding.is
Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Guðjón Helgason



Spretur www.sprettarar.is
Hestamannafélagið Spretur, Kópavogi/Garðabæ
Félagið stofnað: 29. júní 2012
Formaður: Sveinbjörn Sveinbjörnsson



UMFA www.umfa.is
Ungmennafélag Álftaness
Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson



SK
Skotfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Stefán Eggert Jónsson



Breiðablik www.breiðablik.is
Breiðablik ungmennafélag, Kópavogi
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Orri Hlöðversson



TFK www.tfk.is
Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Jón Axel Jónsson



Gerpla www.gerpla.is
Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi
Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Harpa Þorláksdóttir



GOB www.golf.is/gob
Golfklúbbur Bakkakots, Mosfellsdal
Félagið stofnað: 15. júní 1991
Formaður: Gunnar Ingi Björnsson



Stjarnan www.stjarnan.is
Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ
Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Jóhann Steinar Ingimundarson



GO www.oddur.is
Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Ingi Þór Hermannsson



Gróttu www.grottasport.is
Íþróttafélagið Gróttu, Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Haraldur Eyvinds Þrastarson



Söti www.hmfsoti.com/
Hestamannafélagið Söti, Bessastaðahreppi
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Steinunn Guðbjörnsdóttir



HK www.hk.is
Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Sigurjón Sigurðsson



NK www.golf.is/nk
Golfklúbbur Ness
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Ólafur Ingi Ólafsson



Ýmir www.siglingafelag.is
Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Aðalsteinn Jens Loftsson



Augnablik
Knattspyrnufélagið Augnablik
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Hrafnkell Freyr Ágústsson



Kjölur www.gkj.is
Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 5. desember 1980
Formaður: Guðjón Karl Þórisson



ÍAK
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Hörður Þorleifsson



Gáski
Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 10. júní 1982
Formaður: Snorri Magnússon



Hvönn www.hvonn.com
Dansfélagið Hvönn, Kópavogi
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hafsteinn Örn Guðmundsson



GKG www.gkg.is
Golfklúbbur, Kópavogs og Garðabæjar
Félagið stofnað: 24. mars 1994
Formaður: Guðmundur Oddsson



DÍK www.dansari.is
Dansíþróttafélag Kópavogs
Félagið stofnað: 1. desember 2001
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir



Hörður www.hordur.is
Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Jóna Dís Bragadóttir



Riddarinn www.riddarinn.is
Hvíti Riddarinn
Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Kristján Sigurðsson

**Skylmingafélag Seltjarnarness**

Skylmingafélag Seltjarnarness
Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Helgi Njálsson

**ÍGK** www.glod.is

Íþróttafélagið Glóð, Kópavogi
Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Sigurbjörg Björgvinsdóttir

**GÁ** www.golf.is/pages/klubbar/klubbasida/

Golfklúbbur Álfaness
Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Steindór Grétarsson

**Hjólamenn** www.hjolamenn.is

Hjólreiðafélagið Hjólamenn
Félagið stofnað: 11. nóvember 2004
Formaður: Gunnlaugur Jónsson

**Motomos** www.motomos.is

Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað:
Formaður: Sverrir Jónsson

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar

Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason

**Tennisfélag Garðabæjar** www.tfg.is/

Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Eypór Rafn Þórhallsson

**Knattspyrnufélag Garðabæjar**

Félagið stofnað: 12. mars 2008
Formaður: Lárus Guðmundsson

**Hestamannafélagið Adam Kjós**

<http://www.kjos.is/felagasamtok/hesta-mannafelagid-adam/>
Félagið stofnað 8. febrúar 2007
Formaður: Björn Guðbrands Ólafsson

**Íþróttafélagið Stálúlfur** www.stalulfur.blogcentral.is/

Kópavogi
Félagið stofnað 1. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas

**Judófélag Garðabæjar** www.jg.is

Félagið stofnað: 27. Maí 2010
Formaður: Haukur Hafsteinsson

Kraftlyftingafélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 30. janúar 2011
Formaður: Alexander Ingi Olsen

**Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar**

Félagið stofnað: 10. janúar 2011
Formaður: Magnús Guðmundsson

**Skautafélagið Fálkar**

Kópavogi
Félagið stofnað: 20. október 2010
Formaður: Vilhelm Patrick Bernhöft

Rugbyfélagið Stormur

Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 29. september 2010
Formaður: Kristinn Þór Sigurjónsson

**Bogfímifélagið Boginn** www.boginn.is

Kópavogi
Félagið stofnað: 10. Júlí 2012
Formaður: Guðmundur Þ Guðjónsson

Knattspyrnufélagið Vatnaliljur

Kópavogi
Félagið stofnað: 22. september 2012
Formaður: Kristinn Pálsson

Knattspyrnufélagið Skínandi

Garðabæ
Félagið stofnað: 7. Janúar 2012
Formaður: Baldur G Jónsson

**Knattspyrnufélagið Ísbjörninn**

Kópavogi
Félagið stofnað: 17. mars 2008
Formaður: Hafþór Karlsson

Umsók eftirfarandi félaga verða teknar fyrir á þinginu:

Knattspyrnufélagið Lumman Kópavogi
Knattspyrnufélagið Örninn Kópavogi
Knattspyrnufélagið Krían Seltjarnarnesi
Lyftingafélag Garðabæjar
Lyftingafélag Kópavogs
Hnefaleikafélag Kópavogs
Dansfélag Garðabæjar

Aðildarfélög UMSK 2013

- fjöldi félaga og fjöldi iðkenda


Aðildarfélög:	Fjöldi félaga	Fjöldi iðkenda
Augnablik	0	0
Dansfélagið Hvönn	665	345
Dansíþróttafélag Kópavogs	1212	609
Fótboltafélagið Skínandi	0	0
Golfklúbbur Álftaness	164	162
Golfklúbbur Bakkakots	251	251
Golfklúbburinn Kjölur	759	759
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	663	663
Golfklúbburinn Oddur	1158	1158
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar		
Handknattleiksfélag Kópavogs	10911	2687
Hestaíþróttafélagið Hörður	821	819
Hestamannafélagið Adam	50	50
Hestamannafélagið Andvari	587	577
Hestamannafélagið Gustur	401	401
Hestamannafélagið Sóti	143	143
Hestamannafélagið Sprettur	0	0
Hjólreiðafélagið Hjólamenn	43	42
Hvíti riddarinn 0 0		
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	97	32
Íþróttafélagið Gáski	37	33
Íþróttafélagið Gerpla	11757	1772
Íþróttafélagið Glóð	177	220
Íþróttafélagið Grótta	2575	2241
Júðófélag Garðabæjar	22	19
Keilufélagið Keila - óvirkt	0	0
Knattspyrnufélag Garðabæjar	50	36
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	71	19
Kraftlyftingafélag Garðabæjar	40	37
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	23	16
Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar	42	42
Rugbyfélagið Stormur	0	0
Siglingafélagið Ýmir	295	268
Skautafélagið Fálkar	111	99
Skotfélag Kópavogs	282	176
Skylmingafélag Seltjarnarness	49	39
Stálúlfur (Algirdas)	83	80
Tennisfélag Garðabæjar	205	175
Tennisfélag Kópavogs	832	692
Umf. Álftaness	1437	375
Umf. Breiðablik	12416	2632
Umf. Stjarnan	5545	2902
Ungmennafélagið Afturelding	5112	1833
Vélhjólaíþróttaklúbbur Mosfellsbæjar	233	204
Samtals:	61221	24510



Fjöldi iðkenda pr. íþróttagrein sem stundaðar eru innan UMSK

Íþróttagrein:	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Bandý	0	40	43	24	42	59
Blak	368	409	451	585	633	782
Badminton	47	74	62	68	0	52
Borðtennis	75	79	40	66	77	77
Dans	724	700	865	870	1431	1400
Frjálsar íþróttir	260	290	273	454	425	354
Fimleikar	2640	2290	2874	2759	2815	3341
Golf	4575	4985	4585	4936	4638	4894
Hjólreiðar	36	36	36	39	39	42
Handknattleikur	1908	2066	1980	2013	2091	2557
Judó				19	19	19
Íþróttir fatlaðra	37	35	35	33	33	33
Íþróttir aldraðra	692	684	974	944	955	956
Karate	281	252	336	380	320	280
Körfuknattleikur	826	975	1138	1185	997	963
Keila	29	32	7	7	0	0
Kraftlyftingar	0	27	77	103	235	364
Knattspyrna	3122	3086	3720	3778	3765	4032
Hestaíþróttir	2095	1884	1995	1936	1991	1990
Motorsport	107	155	165	180	197	204
Siglingar	230	232	239	241	246	250
Skíði	153	153	101	111	81	72
Skylmingar	20	39	39	39	39	39
Sund	54	103	316	658	309	332
Skotfimi	118	119	119	78	170	176
Taekwondo	38	45	82	124	145	247
Tennis	685	677	848	864	821	877

Þróun á fjölda iðkenda og félagsmanna innan UMSK





Punktar úr starfi UMSK

Skrifstofa UMSK

Skrifstofa UMSK er staðsett í íþróttamiðstöðinni Laugar-
dal. Framkvæmdastjóri sambandsins er Valdimar Gunn-
arsson. Fyrir utan að sjá um daglegan rekstur sambandsins
þá er hlutverk framkvæmdastjóra að aðstoða og þjónusta
aðildarfélögin eins og hægt er og eru félögin hér með hvött
til að notfæra sér það.

Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er landsverkefni UMFÍ og er liður í
verkefninu Göngum um Ísland. Settir eru upp póstkassar
með gestabókum á rúmlega 20 fjöll víðsvegar um landið.
Flest þessara fjalla eiga það sameiginlegt að vera tiltölulega
létt að ganga á. Markmiðið er að fá fjölskyldur í léttu fjall-
gönguferð og stuðla þannig að aukinni samveru, útivist og
um leið líkamsrækt innan fjölskyldunnar.

UMSK hefur tekið þátt í þessu verkefni undanfarin ár og
verið með póstkassa á Úlfarsfelli

Fræðsluerindi

UMSK í samstarfi við Æskulýðsvetvangin stóð fyrir nokkr-
um fræðsluerindum um einelti, forvarnir og úrvinnslu ein-
eltismála.

Stefnumótun UMSK

UMSK gerði samning við KPMG um að stjórna stefnu-
mótunarvinnu fyrir sambandið. Verkefnið hófst í byrjun
desember og er áætlað að því ljúki í lok febrúar 2014. Með
verkefninu er ætlunin að greina helstu áherslupætti í starf-
semi sambandsins á komandi árum og móta stefnu þess til
fram tíðar. Í lok verkefnisins á að liggja fyrir skrifleg stefna
sem endurspeglar óskir og væntingar aðildarfélaganna um
fram tíðarsýn og helstu áherslur í starfi UMSK.



Unglingalandsmót á Höfn

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Höfn um verslunar-
mannahelgina. Frá UMSK voru skráðir eitthundrað og
sextíu keppendur sem er eitthvað færri en undanfarin ár
en fjöldi keppenda okkar sveiflast gjarnan í takt við fjar-
lægð mótsins frá höfuðborgarsvæðinu. Sambandið hefur
undanfarin ár niðurgreitt þátttökugjöld keppenda sinna og
vill með því hvetja til þátttöku. Vinsældir þessa móts hafa

alltaf verið að aukast sérstaklega eftir að það var fært yfir á
verslunarmannahelgina. Margir foreldrar er mjög ánægðir
með þann valkost að geta farið með börnin sín þessa helgi
á samkomu þar sem heilbrigð skemmtun er í fyrirrúmi og
áfengi ekki haft um hönd. Þetta er mót sem við eigum að
standa vörð um og hjálpast að við að kynna og hvetja okkar
fólk til að vera með.



Landsmót 50+ á Vík

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Vík í Mýrdal í júní.
Mótshaldari var Ungmennasamband Vestur Skaftafells-
sýslu (USVS). Mótshaldið gekk mjög vel þrátt fyrir að
mikið rigndi á keppendur og gesti. Formaður UMSK af-
henti formanni USVS Landsmótsfánan við mótssetninguna
en UMSK var mótshaldari árið 2012 er mótið var haldið í
Mosfellsbæ. Ágætis þátttaka var af sambandssvæði UMSK.



Landsmót UMFÍ á Selfossi

27. Landsmót UMFÍ var haldið á Selfossi í júlí. Góð þátt-
taka var frá UMSK en um tvöhundruð keppendur voru
skráðir til leiks undir merkjum sambandsins. Mótið hófst
á fimmtudegi og stóð fram á sunnudag. Óhagstætt veður-
far skyggði á annars vel framkvæmt Landsmót. Það má
segja að það hafi verið rok og rigning alla mótsdagana og
þurfti m.a. að flytja setningarathöfnina í hús. Þó þátttaka
frá UMSK hafi verið svipuð og á undanförnum Lands-
mótum þá var þátttaka frá öðrum héraðssamböndum lítil
fyrir utan heimamenn í HSK. Þetta áhugaleysi fyrir Lands-
mótinu vekur upp spurningar varðandi framtíð þess og er
naðsynlegt fyrir hreyfinguna að setjast yfir það hvort þetta
mót sé orðið barn síns tíma.

Mótshaldarar í Héraðssambandinu Skarphéðni sigraði með
yfirburðum í heildarstigakeppni mótsins. HSK fékk 3.896
stig og endurheimti bikarinn sem liðið vann síðast á Lands-
mótinu á Egilsstöðum 2002. UMSK varð í öðru sæti með
1.844 stig og Íþróttabandalag Reykjavíkur hafnaði í þriðja
sæti með 1.152,5 stig.

Afreksmannasjóður nefndin

Nefnd um Afreksmannasjóð sér um að yfirfara umsóknir sem berast í sjóðinn. Úthlutað er úr sjóðnum þrisvar sinnum á ári og eru umsóknareyðblöð og úthlutunarreglur að finna á heimasíðu sambandsins.

Nefndina skipa þau Guðmundur Sigurbergsson Breiðabliki, Auður Þorsteinsdóttir Gerplu, Sigurður Bjarnason Stjörnunni, Bjarki Már Sverrisson Aftureldingu og Albert Valdimarsson frá stjórn UMSK.

Hægt er að sækja um styrk í Afreksmannasjóðinn fyrir þátttöku í viðurkenndum mótum erlendis. Viðurkennd mót eru Norðurlandamót, Evrópumót, Heimsmeistaramót og Olýmpiuleikar. Einnig styrkir sjóðurinn þjálfara til að sækja sér menntun erlendis. Árið 2013 styrkti sjóðurinn 170 einstaklinga og 11 þjálfara.

Söguritun

Jón M. Ívarsson hefur haldið áfram að skrifa sögu sambandsins. Í þessum áfanga er stefnt að því að rita söguna frá 1942 -1963. Fyrstu tuttugu árin má finna inná heimasíðu sambandsins (www.umsk.is) og verður næstu tuttugu árunum bætt þar inn þegar þau verða tilbúin vorið 2014.



Framtíðarsmiðjan

UMSK hefur látið taka saman leiðbeiningar fyrir þjálfara íþróttafélaga um þjálfum andlegra og félagslegra þátta iðkenda. Leiðbeiningar þessar hafa verið settar saman í hefti sem kallað er Framtíðin.

Helstu markmið Framtíðarinnar eru að hjálpa iðkendum að tileinka sér:

- heilbrigðan og árangursríkan lífsstíl íþróttar fyrir lífstíð;
- gott sjálfstraust og góða sjálfsmynd;
- virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sem og félaginu sínu;
- reglusemi og heilbriggt lífverni;
- viðhorf, vinnubrögð og hugarfar til árangurs í hverju því sem þeir taka sér fyrir hendur.

Í haust var gerð tilraun með innleiðingu á efninu hjá Aftureldingu í Mosfellsbæ. Þjálfara félagsins hafa verið á innleiðingarfundum með Dr. Viðari Halldórssyni íþróttafélagsfræðingi en hann hefur tekið saman þetta efni. Eftir áramót verða síðan fundir með foreldrum og öðrum þeim sem koma að starfinu hjá Aftureldingu. Verkefnið verður keyrt hjá félaginu í vetur og er samstarf UMFÍ, UMSK og Aftureldingar. Eftir veturinn verða niðurstöður skoðaðar og í framhaldi mun öðrum áhugasömum félögum verða boðið að innleiða verkefnið hjá sér.

Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn í nóvember í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Fundurinn er upplýsingafundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formanna sersambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga, þar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ gefur skýrslu um helstu þætti í starfsemi



ÍSÍ og verkefni á milli þinga. Formaður UMSK sótt fundinn fyrir hönd sambandsins.

Sambandsþing UMFÍ á Stykkishólmi

48. sambandsþing Ungmennafélags Íslands var haldið í Stykkishólmi 12. – 13. október. Þingið hófst með setningu kl. 10:00 á laugardagsmorgni. Sambandsaðilar UMFÍ áttu rétt á að senda 140 fulltrúa á þingið. UMSK átti 17 fulltrúa á þinginu. Í stjórn UMFÍ voru kosnar frá UMSK þær Björg Jakobsdóttir Breiðabliki og Helga Jóhannesdóttir Aftureldingu.



Bræðrabikarinn

Í Skólahlaupi UMSK er keppt um Bræðrabikarinn. Sá skóli sem á hlutfallslega flesta keppendur fær þennan bikar. Í ár var það Lindaskóli í Kópavogi sem fékk bikarinn en 83% nemenda í 4.-7. bekk tóku þátt. Það var Kári Steinn Karlsson hlaupari sem afhenti bikarinn í samveru nemenda í skólanum og Elín Helena Karlsdóttir tók við bikarnum fyrir hönd skólans.

UMSK mót í handbolta

UMSK mót karla og kvenna í handbolta var haldið í Kópavogi í byrjun september í umsjón Handboltadeildar HK. Í kvennaflokki tóku þátt lið frá HK, Aftureldingu, Haukum og FH.

Haukastúlkur stóðu uppi sem sigurvegarar með fullt hús stiga, HK var í öðru sæti, FH í því þriðja og Afturelding í fjórða sæti.

Í karlaflokki sigraði Afturelding eftir hreinan úrslitaleik við Gróttu með fullt hús stiga.

Gróttta endaði í öðru sæti, HK í þriðja sæti og Stjarnan í fjórða sæti.

Í lok móts afhenti svo Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK sigurlíðunum glæsilega farandbikara sem og eignar-bikara. Kvenna megin var Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir HK markahæsti leikmaður mótsins með 21 mark og var hún jafnframt valin besti leikmaður UMSK móts kvenna 2013. Í karlaflokki var Vilhjálmur Hauksson markahæstur með 26 mörk en hann var einnig valinn besti leikmaður UMSK móts karla 2013.



Meistaramót UMSK í sundi

Meistaramót UMSK í sundi fór fram í Kópavogslaug í nóvember í umsjón Sunddeildar Breiðabliks. Góð þátttaka var frá þremur sundfélögum þ.e. Breiðabliki, Aftureldingu og Stjörnunni.

Stungur voru um fjögurhundruð og ljóst að framtíðin er björt hjá sundfélögunum innan UMSK.

Eftirfarandi fengu viðurkenningu fyrir góðan árangur:

Í flokki 12 ára og yngri:

Brynjólfur Karlsson – Breiðablik

Katrín Eva Jóhannesdóttir – Aftureldingu

Í flokki 13-14 ára:

Ragnheiður Karlsdóttir – Breiðablik

Bjartur Þórhallsson – Aftureldingu

Í flokki 15 ára og eldri:

Athena Neve Leex Breiðablik

Viktor Máni Vilbergsson Breiðablik



Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn 2013 var haldinn miðvikudaginn 9. október. Dagurinn var helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu.

Forvarnardagurinn er haldin að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Ungmennafélag Íslands, Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.



Bocciamót UMSK

Bocciamót UMSK í tvímenningi(parakeppni) fór fram í Íþróttahúsinu að Varmá í Mosfellsbæ í febrúar.

Alls tók 42 lið frá 10 félögum þátt í mótinu. Þetta er í fyrsta sinn sem keppt er með þessu fyrirkomulagi. Mótið tókst einstaklega vel og hefur verið ákveðið að halda slíkt mót árlega. Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK setti mótið og afhenti verðlaun í móts lok.

Eftirtaldir aðilar voru í fyrstu þremur sætunum:

1. Margrét Hjálmarsdóttir – Freyr Bjartmarz , Kópavogi

2. Jón H. Einarsson – Valur Snæbjörnsson, Borgarnes

3. Böðva Jóhannesson – Þorvaldur Valgarðsson, Akranesi



Getraunir – átak

UMSK og Getraunir hafa tekið höndum saman um að efla getraunastarf á sambandssvæðinu. Í haust byrjuð tvö félög í verkefninu og það þriðja er í startholunum. Aðstoðin felst í því að ráðgjafi kemur til félaganna og vinnur með þeim að uppbyggingu getraunastarfsins í ákveðinn tíma. Félögin hafa síðan aðganga að ráðgjafanum næstu misseri á eftir og geta kallað hann til ef á þarf að halda. Viljum við hvetja þau félög sem áhuga hafa á því að efla getraunasöluna að hafa samband við skrifstofuna.



Hlaupamörk

Sambandið á tvö uppblásin endamörk fyrir hlaup. Mörkin eru 3x7m og 2x3m að stærð. Mögileiki er að nýta mörkin í annað eins og t.d. til kynningar og auglýsinga á viðburðum. Mörkin eru til ráðstöfunar fyrir aðildarfélögin þeim að kostnaðarlausu.



Skólahlaup UMSK

Skólahlaup UMSK fór fram á Varmárvelli í Mosfellsbæ í október. Metþátttaka var í hlaupinu en um áttahundruð hlauparar tóku þátt.

Það eru nemendur í fjórum árgöngum sem keppa í hlaupin þ.e. fjórði, fimmti, sjötti og sjöundi bekkur. Þrír fyrstu í hverjum árgangi fá viðurkenningu en allir þátttakendur fengu hressingu í lok hlaups. Það var Frjálsíþróttadeild Aftureldingar sem hafði umsjón með hlaupinu í ár.

Eftirfarandi nemendur fengu viðurkenningu:

4. bekkur stelpur

1. Sara Dögg Lágafellsskóla 1:34
2. Guðrún Jana Lágafellsskóla 1:37
3. Aníta Núr Varmárskóla 1:40

4. bekkur strákar

1. Alexander A. Tómasson Lágafellsskóla 1:23
2. Eyþór Gunnarsson Varmárskóla 1:25
3. Aron Kristian Sjalandskóla 1:26

5. bekkur stelpur

1. Sædis Erla Erlendsdóttir Lágafellsskóla 3:21
2. Guðrún Edda Lindaskóla 3:25
3. Hrafninn Njálisdóttir Lágafellsskóla 3:29



5. bekkur strákar

1. Anton Logi Lindaskóla 2:55
2. Hlynur Már Sjalandskóla 3:00
3. Tómas Bjarki Lindaskóla 3:08

6. bekkur stelpur

1. Hafrún Rakel Lágafellsskóla 2:58
2. Elín Helena Lindaskóla 3:03
3. Katrín Guðmundsdóttir Sjalandskóla 3:09

6. bekkur strákar

1. Eyþór Wöhler Lágafellsskóla 2:47
2. Ísak Pétur Lágafellsskóla 2:51
3. Ólafur Guðmundsson Lindaskóla 2:52

7. bekkur stelpur

1. Inga Laufey Ágústsdóttir Varmárskóla 2:54
2. Sólveig Rósa Hugadóttir Lágafellsskóla 3:01
3. Telma Sól Logadóttir Lindaskóli 3:11

7. bekkur strákar

1. Gunnar Bergmann Flataskóla 2:48
2. Gabriel Tumi Finnbogason Lágafellsskóla 2:49
3. Daníel Darri Lágafellsskóla Lægafellsskóla 2:51

Ný reglugerð um úthlutun á Lottó



Á ársþingi UMSK 2013 var samþykkt ný reglugerð um úthlutun á Lottó. Úthlutun samkvæmt nýju reglugerðinni verður frá og með 1. janúar 2014.

Reglugerð um Lottó:

1. 15% renna til sambandsins
2. 5% renna til Afrekssjóðs UMSK
3. 80% renna til aðildarfélaga samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100%):

- Þeim 80% sem koma í hlut félaganna verði fyrst skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaganna á sambandssvæðinu m.v. íbúaskrá 1. desember ár hvert og síðan innbyrðis innan sveitarfélaganna eftir iðkendafjölda félaganna m.v. upp lýsingar í FELIX.
- Iðkendur hafi mismikið vægi eftir aldri þegar kemur að útreikningi hlutar hvers félags, þannig hafi iðkendur 5 ára og yngri stuðulinn (1), iðkendur 6 – 12 ára stuðulinn (3), iðkendur 13 – 18 ára stuðulinn (5), iðkendur 19 – 24 ára stuðulinn (3) og iðkendur 25 ára og eldri stuðulinn (1).
- Með þessari aðferð skiptir aðferð félaganna við skráningu „félagsmanna“ ekki máli og samanburður á fjölda iðkenda færist inn í nærumhverfið og hefur einungis áhrif á hlutdeild hvers félags úr heildarpotti innan síns sveitarfélags.



Fréttir 2013

48. sambandsþing UMFÍ

48. sambandsþing Ungmennafélag Íslands var haldið dagana 12.-13. október í Stykkishólmi 2013. Um 140 þingfulltrúar áttu rétt til setu á því. Þingin var starfsamt en um 50 mál þingmál voru tekin til umræðu og afgreiðslu á þinginu. Helga Guðrún Guðjónsdóttir var endurkjörin formaður UMFÍ en auk Helgu Guðrúnar var Stefán Skafti Steinólfsson í framboði til formanns. Helga Guðrún fékk 80 atkvæði, en Stefán Skafti 34 atkvæði, en eitt atkvæði var ógilt. Á þinginu var einnig kosið í stjórn og varastjórn. Í aðalstjórn voru kjörin Hrönn Jónsdóttir, UMSB, Björg Jakobsdóttir, UMSK, Gunnar Gunnarsson, UÍA, Haukur Valtýsson, UFA, Helga Jóhannesdóttir, UMSK, og Örn Guðnason HSK. Í varsstjórn voru kosin Ragnheiður Högnadóttir, USVS, Baldur Danielsson, HSP, Kristinn Óskar Grétuson, HSK, og Eyrún Harpa Hlynsdóttir HSV.

Stefnumótandi ráðstefna um Landsmót UMFÍ

Stefnumótandi ráðstefna um Landsmót UMFÍ var haldin á Húsavík þann 11. maí. sl. Ráðstefnan var opin öllum og voru þátttakendur víðs vegar af landinu. Á sambandsráðsfundinum á Kirkjubæjarklaustri í fyrrihaust var ákveðið að halda ráðstefnu þar sem framtíðarstefna um landsmót UMFÍ yrðu tekin fyrir. Hópaþinginn gekk vel, málefnaleg í alla staði og fjölmargar hugmyndir og tillögur litu dagsins ljós. Þessi vinna á örugglega eftir að koma að góðum notum í því að gera góð mót enn betri. Unnið verður úr niðurstöðum og opinber kynning á þeim verður kunngjörð á Sambandsþingi UMFÍ í Stykkishólmi.



Landsmót UMFÍ 50 + 2013 Vík í Mýrdal

Dagana 7. – 9. júní sl. Var 3. Landsmót UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal. Mótshaldari var USVS. Undirbúningur fyrir mótið stóð yfir í nokkra mánuði. Mótshaldið allt gekk eins og fyrirfram var áætlað og ekkert stórvægilegt kom upp sem raskaði dagskrá á einn eða annan hátt. Aðstaðan til keppni í Vík var öll til fyrirmyndar. Keppt var í 16 keppnisgreinum. Mikið var lagt uppúr fræðslu um heilbrigði og hollustu á mótinu. Bodið var t.d. upp á heilsufarsmælingar sem alltaf eru jafn vinsælar. Mótið í Vík sýnir að Landsmót UMFÍ 50+ er komið til að vera. Keppendur og gestir skemmtu sér konunglega þrátt fyrir að nokkuð hafi rignt á keppendur og gesti.

27. Landsmót UMFÍ á Selfossi

4. – 7. júlí 2013

27. Landsmót UMFÍ var haldið á Selfossi í sumar. Móts-haldari var HSK en sama nefnd stóð vaktina og sá um Unglingalandsmótið á Selfossi árið áður. Það má því með sannni segja að vant fólk hafi verið í brúnni. Undirbúningurinn gekk einnig vel og samkvæmt áætlunum nefndarinnar. Keppnisgreinar á mótinu voru alls 25 talsins. Það var góður hópur sérgreinastjóra sem hélt utan um keppnina og gerði sitt besta til að láta alla hluti ganga upp. Keppnin gekk einnig vel fyrir sig þrátt fyrir erfiðar aðstæður á nokkrum mótsstöðum sökum veðurs sem setti því miður stóran svip á mótið. Mótssetningin var flutt inn sökum veðurs en aðrir liðir voru samkvæmt áætlun. Afar lítil nýting var á tjaldsvæðinu og má rekja það til veðursins. Skráðir þátttakendur voru 845 en auk þess voru skráð 32 keppnislið þannig að heildarföldi keppenda var 1.070.



16. Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn

2. – 4. ágúst 2013

Ungmennasambandið Úlfjótur var framkvæmdaraðili 16. Unglingalandsmótsins sem var haldið á Höfn um verslunarmannahelgina. Undirbúningur mótsins gekk í alla staði vel og bjuggu heimamenn vel að því að hafa haldið samskonar mót árið 2007. Mestur þunginn var eðlilega síðustu vikurnar fyrir mót en þá kom inn góður hópur sjálfboðaliða sem tók duglega til hendinni. 1295 keppendur skráðu sig til leiks og var það meira en gert hafði verið ráð fyrir. Allt keppnishaldið gekk mjög vel fyrir sig enda gott fólk sem þar starfaði. Keppnisgreinarnar voru 13 talsins og var alls staðar keppt við góðar aðstæður. Ný og stórglæsileg mannvikri svo sem sundlaug og fjölnota íþróttahús (knattspyrnuhús) höfðu risið á síðustu árum og settu sitt mark á mótið.

Ungt fólk og lýðræði

Dagana 20. – 22. mars hélt UMFÍ ungmennaráðstefnu á Egilsstöðum sem ber yfirskriftina „Ungt fólk og lýðræði“. Þema ráðstefnunnar var þátttaka ungs fólks í skipulagsmálum sveitarfélaga. Ungmennafélag Íslands hefur ávallt lagt áherslu á lýðræðislega þátttöku ungs fólks og hefur ráðstefnan ávallt vakið mikla lukku meðal þátttakenda. Að þessu sinni voru sextíu þátttakendur. Bæði ungmenni sem starfa í ungmennaráðum víðsvegar um landið og starfsmenn sem sjá um málefni ungmenna í sínu sveitafélagi. Ráðstefnan tókst virkilega vel og áhugi fyrir að halda aðra að ári mikill.

Lýðháskólar

Fjörtíu ungmenni fóru út á síðastaskólaári og fengu öll styrk frá UMFÍ fyrir náminu. Skólastjóri íþróttalýðháskólans í Sønderborg og einn kennari heimsóttu þjónustumiðstöð UMFÍ í janúar, funduðu með starfsfólki og kynntu skólann á opnu kvöldi fyrir ungmennum. Skólastjórinn hafði á orði að það væri mikilvægt fyrir skólabraginn að fá íslenska nemendur þar sem þeir væru upp til hópa kappsamir og góðir leiðtogar.

Move Week

Hreyfivikan „Move Week“ stóð yfir dagana 7.-13. Október og tók almenningur á öllum aldri víða um land þátt í dagskránni sem var mjög metnaðarfull á nokkrum stöðum. Hér er um ræða árlega evrópska herferð sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka reglulega virkan þátt í hreyfingu og íþróttum. Herferðin er fjármögguð af Evrópusambandinu en markmiðið er að 100 milljónir fleiri Evrópubúar verði orðnir virkir í hreyfingu og íþróttum fyrir árið 2020 en eru í dag. ISCA-samtökin (International Sport and Culture Association) halda utan um verkefnið en UMFÍ er aðili að samtökunum og fylgir því eftir hérlandis. Þess má geta að Íþróttafélagið Höttur og sveitarfélagið Fljótshérað fengu verðlaun fyrir eitt besta verkefnið í evrópsku „Move Week“ herferðinni og veittu verðlaununum viðtöku á ráðstefnu ISCA sem haldinn var í Barcelona.

NSU - Ungmennavika

NSU Ungmennavika NSU (Nordiske Samorganisation for Ungdomsarbejde) Panorama of Youth – var haldin á Sólheimum dagana 1.-8.júlí 2013. Þátttakendur voru 35 frá sex löndum. Þessa vikunnar var viðsýni, samvinna, traust og umburðarlyndi en þessa þætti var unnið með í gegnum íþróttir og leik. Markmiðið var að auka viðsýni þátttakenda fyrir ólíkum einstaklingum og auka umburðarlyndi fyrir skoðunum annarra. Heimilisfólk á Sólheimum tók virkan þátt í starfi okkar þessa viku. Þátttakendur heimsóttu Landsmót UMFÍ á Selfossi og kynntust áhugaverðum stöðum á Suðurlandi.



Forvarnadagurinn

Forvarnadagur 2013 var haldinn 9. Október í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins. Dagurinn er helgaður nokkrum heilráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Skipulögð dagskrá var í öllum skólum þar sem nemendur voru beðnir um að taka virkan þátt í umræðum um forvarnir gegn fíkniefnum og horfðu á myndband. Forvarnadagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Ungmennafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Verkefnið er stutt af Actavis.

Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) samanstendur hann af fjórum félagsamtökum, Ungmennafélagi Íslands, KFUM og KFUK á Íslandi og Bandalagi íslenskra skáta. Markmið ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogapjálfunar, fræðslumála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir. Á vormánuðum 2012 voru síðareglur ÆV gefnar út. Um var að ræða annars vegar, Síðareglur um samskipti og hins vegar Síðareglur um rekstur og ábyrgð. Sumarið 2012 hóf ÆV markvissa vinnu gegn einelti. Unnin var Aðgerðaáætlun ÆV gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun sem og eineltisvegsspjald. Samhliða gerð og útgáfu áætlunarinnar hefur ÆV nú staðið fyrir sextán opnum 90 mínútna fræðsluerindum um einelti, forvarnir og úrvinnslu eineltismála.



Ganga.is

Ganga.is hefur staðið fyrir sínu undafarin ár. Fjölmargir heimsækja vefinn í hverjum mánuði. Flestar heimsóknir eru samt sem áður yfir sumarmánuðina. Vefsíðan hefur að geyma fjölmargar gönguleiðir um allt land sem og fréttir og hina ýmsu fróðleiksmola sem tengjast hreyfingu. Einnig er að finna sundstaði á landinu, golfvelli sem og fjallaskála. Á síðunni er einnig hægt að halda utan um eigin hreyfingu allt árið í tengslum við verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga!. Einnig er hægt að skrá þau fjöll sem gengið er uppá og halda þannig skrá yfir þær upplýsingar.



Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga!

Verkefni Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga! hefst ár hvert 5. júní og lýkur 15 september. Öllum er heimil þátttaka, Óháð aldri. Verkefni gengur útáð að þátttakendur skrái hreyfingu sína inn á ganga.is eða þau fjöll sem gengið er á. Tilgangur verkefnisins er að hvetja almenning til að hreyfa sig sem mest og ýta undir aukna samverustundir fjölskyldunnar.

Göngubókin göngum um Ísland

Göngubókin kom út í byrjun sumars eins og undafarin ár. Bókin er alls 128 síður. Þar eru lýsingar á 300 stuttum gönguleiðum víðsvegar um landið. Í bókinni er einnig er að finna 21 fjall. Þá hefur hún að geyma ýmsan annan fróðleik,

t.d. um það hvað þarf að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Göngubókinni var dreift á alla helstu ferðamanna staði, sundstaði og íþróttahús.



Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem UMFÍ hefur verið með í nokkur ár. Verkefni hefur gengið mjög vel enda margir sem taka þátt í verkefninu ár hvert. Verkefnið gengur út á að Sambandsaðilar tilnefna fjöll í verkefnið. Í á eru tuttugu og eitt fjall í verkefninu. Sambandsaðilar auglýsa göngur upp á fjöllin og fara með póstkassa þangað upp. Fólk er hvatt til að skrifa nöfn sín í bókina þegar toppnum er náð. Í lok verkefnisins eru heppnir þátttakendur dregnir út og fá verðlaun. Fjölskyldur eru hvattar til að ganga á fjöll sem eru tilnefnd og skrifa nöfnin sín í bækurnar.

Grunnskólaganga UMFÍ

Grunnskólaganga UMFÍ er verkefni sem hefur verið í þróun í nokkurn tíma. Í vor var farið í samstarf við Háskólann í Reykjavík. Nemar í íþróttufræði prófuðu verkefnið á nemendum grunnskóla landsins þegar þau fóru í verknám í grunnskóla landsins. Nemarnir í íþróttufræðinni voru ánægðir með verkefnið og hvernig það var útfært. Áfram verður unnið í að gera verkefnið sem best. Áætlað er að endurvekja verkefnið aftur á næstu árum.



Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var stafræktur á fimm stöðum í sumar, Borgarnesi, Sauðárkróki, Laugum í Reykjadal, Egilsstöðum og á Selfossi. Mjög góð þátttaka var á öllum stöðum í ár. Skólinn er ætlaður ungmennum á aldrinum 11-18 ára. Aðaláhersla er lögð á kennslu í frjálsu íþróttum. Auk frjálsra íþrótta er farið í sund, leiki, óvissuferðir og haldnar kvöldvökur. Ungmennin láta mjög vel af dvölinni og koma sömu ungmennin ár eftir ár í skólann.

Eldri ungmennafélagar

Verkefnum tengd eldri ungmennafélögum er alltaf að fjölga. Greinilegt er að mikil þörf er á að sinna þessum hópi. Mikil vakning er í hreyfingu eldri ungmennafélaga sem má að einhverju leiti þakka Landsmóti UMFÍ 50+. Nefnd eldri ungmennafélaga sinnir ýmsum verkefnum eins og t.d. útbreiðslu á hinum ýmsu íþróttagreinum fyrir eldra fólk. Í vor hélt nefndin námskeið á Reykjalundi 22. mars þar sem fyrirlestrar og verkleg kennsla var um hreyfingu 50 ára og eldri. Námskeiðið gekk vonum framar þar sem fjöldi manns mætti. Greinilegt er að mikil þörf er á námskeiði sem þessu. Stefnt er á fleiri námskeið í framtíðinni.



Ungmenna- og tómstundabúðir
Ungmennafélags Íslands

Ungenna- og tómstundabúðir að Laugum

Lífið á Laugum er í föstum skorðum og eru flest námskeið búðanna orðin rötgróin. Starfið verður sífellt metnaðarfullra og fleiri skólar bætast í hópinn. Almenn ánægja er með starf búðanna hvort sem nemendur, kennarar, foreldrar eða skólastjórnendur eru spurðir. Ungmennabúðirnar hafa verið meðlimir að Skóli á grænni grein síðan 2010 og fengu búðirnar grænfánann 12. september 2013. Ungmenna- og tómstundabúðirnar eru orðnir meðlimir alheimssamtakanna, International Camp Fellowship sem veitir búðunum ótal ný tækifæri. Búið er að betrubæta útisvæðið, sem í dag heitir Lillulundur og er það tileinkað Lillu heitinni sem lést 2011. Í Lillulundi er m.a. lágbrautabraut byggð úr íslensku skógartimbri. Þrír hópar af sjálfboðaliðum frá Seeds hafa hjálpað til við uppbygginguna.

Ungmennaráð UMFÍ

Ungmennaráðið fundar einni sinni í mánuði. Ráðið hefur fundað reglulega og kom að undirbúningi og umsóknarskrifum bæði fyrir Ungt fólk og lýðræði og NSU vikuna. Ráðið hefur síðustu ár haldið svokallaðar skemmtihelgar. Þessar helgar eru haldnar tvisvar á ári og eru opnar öllum 16-30. Vímuefni eru með öllu bönnuð. Síðasta skemmtihelgin var haldinn í nóvember á Sólheimum í Grímsnesi og tókst vel. Fram undan er síðan undirbúningur fyrir ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði sem verður á Ísafirði í apríl.

Ungmennavika NSU

Dagana 1.-8. júlí var haldin Ungmennavika NSU á Sólheimum í Grímsnesi en þessar Ungmennavikur hafa verið haldnar í nokkur ár í samstarfi UMFÍ við önnur félög á Norðurlöndunum. Á hverri viku Ungmennaviku er þema og að þessu sinni var þemað viðsýni, samvinna, traust og umburðarlyndi. Þátttakendur í ár voru frá Noregi, Danmörku, Finnlandi, Grænlandi, Þýskalandi og Íslandi. Þátttakendur lýstu yfir mikilli ánægju með vikuna á Sólheimum.



Fréttapunktur frá ÍSí

Íþróttaping ÍSí

Íþróttaping ÍSí fór fram á Icelandair Hótel Reykjavík Natúra dagana 19.-20. apríl 2013. Ólafur E. Rafnsson var endurkjörinn forseti sambandsins. Aðrir í stjórn voru kjörnir Gunnar Bragason, Lárus L. Blöndal, Sigríður Jónsdóttir, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson og Jón Gestur Viggósson. Í varastjórn voru kjörnir Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Á. Ingvarsson og Gunnlaugur Júlíusson.

Forsetaskipti

Þann 19. júní 2013 varð Ólafur E. Rafnsson forseti ÍSí bráðkvaddur í Sviss, þar sem hann sinnti embættisstörfum



sem forseti FIBA Europe. Skyndilegt fráfall hans var mikið áfall fyrir ÍSí og alla íþróttahreyfinguna en mestur er þó missir eiginkonu hans og barna. Útför Ólafs fór fram frá Hallgrímskirkju þann 4. júlí að viðstöddu fjölmenni. Íþróttafolk sársam-

banda ÍSí stóð heiðursvörð fyrir utan kirkjuna á meðan kistan var borin út.

Við fráfall Ólafs tók Lárus L. Blöndal varaforseti við embætti forseta ÍSí, eins og lög ÍSí kveða á um og Ingi Þór Ágústsson 1. varamaður tók sæti í stjórninni.

Heiðurshöll ÍSí

Árið 2013 voru fjórir útnefndir í Heiðurshöll ÍSí. Á 71. Íþróttapingi ÍSí í aprílmánuði voru Sigurjón Pétursson frá Álafossi, Jóhannes Jósefsson og Albert Guðmundsson útnefndir og á hófi Íþróttamanns ársins í desember 2013 var Kristín Rós Hákonardóttir útnefnd.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2013 voru 67 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins. Núverandi ríkisstjórn hækkaði framlag til sjóðsins á Fjárlögum Alþingis 2014 um 15 m.kr. og verður því framlag í sjóðinn vegna ársins 2014 samtals 85 m.kr.

Fjármögnun sársambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sársambanda ÍSí. Upphæð styrksins var 40 m.kr. á árinu 2007, 60 m.kr. á árinu 2008, 70 m.kr. árið 2009, 63,7 m.kr. árið 2010, 61,8 m.kr. fyrir árið 2011, 60,5 m.kr. fyrir árið 2012 og 70 m.kr. fyrir árið 2013. Framlag fyrir árið 2014 verður 85 m. króna.

Samningar við Ólympíufjölskyldu

Þann 28. desember 2013 voru undirritaðir samstarfssamningar á milli ÍSí og þeirra fjögurra fyrirtækja sem staðið hafa að Ólympíufjölskyldu ÍSí undanfarin ár. Það eru fyrirtækin Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá og Valitor. Hafa þau öll samþykkt að vera samstarfsaðilar ÍSí fram yfir Ólympíuleikana í Ríó árið 2016.

Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSí, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

Heimasíða ÍSí

Slóðin á heimasíðu ÍSí er sem fyrr www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSí og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSí er einnig með Fésbókarsíðu.

Felix – tölvukerfi ÍSí og UMFÍ

Felix – tölvukerfi ÍSí og UMFÍ heldur utan um tölfraði íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórnþæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSí um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn og er orðið helsta form þjálfaramenntunar ÍSí á landsvísi. Bæði 1. og 2. stig ÍSí hafa verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn.

Vinna við gerð námsefnis fyrir 3. stig þjálfaramenntunar er langt komin og er hún m.a. unnin í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Undirbúningsvinna fyrir þjálfaramenntun 4. og 5. stigs sem er á háskólastigi er þegar hafin.

Fyrirmyndarfélag ÍSí

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSí eru um 120 talsins. Sársambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSí kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardags forseta Íslands, ásamt UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Háskólanum í Reykjavík.

Fræðsluefni ÍSí

ÍSí hefur gefið út fjölbreytt fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttapátttöku. Þetta efni má nálgast á heimasíðunni og í útprentuðum bæklingum sem nálgast má á skrifstofunni. Á heimasíðunni er einnig að finna annað efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSí stendur fyrir ýmsum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á hverju ári.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um 40% endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna læknskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2014 sendir ÍSÍ þátttakendur í tvö ólympísk verkefni; Vetrarólympíuleikana í Sochi í Rússlandi og Sumarólympíuleika ungmenna í Nanjing í Kína.

Ólympíudagurinn – árlegur viðburður

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim 23. júní, ár hvert. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands skipulagði í samstarfi við sambands- og samstarfsaðila sína heila viku af íþróttatengdum viðburðum, „Ólympíuviku ÍSÍ“. Sambandsaðilar ÍSÍ buðu upp á íþróttakynningar fyrir börn sem voru þátttakendur á sumar-námskeiðum vikuna 24. – 28. júní. Í boði voru keilubrautir, skýlmingar, kynning á frjálsíþróttum, hafnabolti, heimsóknir á landsliðsæfingar kvennalandsliðsins í knattspyrnu o.fl. Auk þess heimsóttu Ólympíufarar ÍSÍ íþróttafélög og frístundaheimili. Frekari upplýsingar og fróðleik má finna á heimasíðu Ólympíudagsins á www.olympiuleikar.com.

Úthlutun styrkja

Á árinu 2013 úthlutaði Afrekssjóður ríflega 85 m.kr. og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úhlutaði 10 m.kr. Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar styrkjum til fræðslu- og útbreiðsluverkefna ásamt þjálfarastyrkjum til einstaklinga.

Almenningsíþróttir

Mikil þátttökaukning hefur átt sér stað í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og þátttökumet verið slegin á ári hverju.

„Lífshlaupið – landskeppni í hreyfingu“,

er heilsu- og hvatningarverkefni sem er í gangi allt árið en sérstakt átak er í febrúarmánuði, það er vinnustaðakeppni sem stendur yfir í þrjár vikur eða frá 5.-25. febrúar og grunn-skólakeppni sem stendur yfir í tvær vikur eða frá 5.-18. febrúar.

Framhaldsskólakeppni Lífshlaupsins fór fram 3. – 16. október 2013.

Hjólað í vinnuna

stendur yfir í þrjár vikur eða frá 7. – 27. maí nk.

Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ

fer fram í 25. sinn 14. júní 2014.

Hjólað í skólann

er haldið í september 2014.

Göngum í skólann

er haldið 3. sept -1. okt. 2014.

Hreyfitorg er nýtt verkefni sem fór í loftið í september 2013. Hreyfitorg er gagnvirk vefsíða sem er ætlað að stuðla að aukinni hreyfingu landsmanna. Hlutverk vefsins er að brúa bilið á milli þeirra sem leita eftir þjónustu fyrir sig eða aðra (notenda) og þeirra sem standa fyrir hreyfitilboðum (þjónustuaðila). Kynntu þér málið á www.hreyfitorg.is.

Sjálfbóðaliðavefurinn „Allir sem einn“ er nýr vefur sem var tekinn í notkun á síðasta Íþróttáþingi ÍSÍ. Megin markmið með sjálfbóðaliðavefnum er að skapa vettvang fyrir sjálf-



bóðaliða til þess að halda utan um sitt framlag hvort sem það er unnið í þágu íþróttahéraða, sérsambanda, félagsliða eða ÍSÍ. Einnig er markmiðið að fá yfirsýn yfir það fjölbreytta starf sem sjálfbóðaliðar vinna innan íþróttahreyfingarinnar. Slóðin á vefinn er www.isi.is/sjalfboðaliðavefur.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar getspar og Íslenskra getrauna.

Í Íþróttamiðstöðinni er kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar, en þar er einnig góð aðstaða til fundarhalda. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemina.

Lyfjamál

Alls voru tekin 89 sýni á árinu 2013, þar af 46 sýni í keppni eða 52%. Lyfjapróf voru tekin í 15 íþróttagreinum. Fjögur sýni reyndust jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjaeftirlitsnefnd 17 sýni fyrir aðra. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, www.lyfjaeftirlit.is.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSÍ fyrir starfsárið 2013 fyrir 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á www.felix.is.

Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.

Smáþjóðaleikarnir á Íslandi 2015

Sextánda Smáþjóðaleikarnir verða haldnir á Íslandi 1.-6. júní 2015 og verður það í annað sinn sem leikarnir verðua haldnir hér á landi. Á leikunum etja níu smáþjóðir kappi; Andorra, Ísland, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Malta, Mónakó, San Marínó og Svartfjallaland. Gert er ráð fyrir því að heildarfjöldi keppenda verði um 800 en reikna má með 1.500 erlendum þátttakendum, að meðtöldu fylgdarfólki. Keppt verður í 11 íþróttagreinum og fer keppni í þeim að mestu fram í Laugardalnum. Áætluð þörf sjálfbóðaliða er ríflega 1.200 manns en skráning sjálfbóðaliða til verkefnisins hefst í aprílmánuði 2014. Áhugasamir eru hvattir til að fylgjast með á heimasíðu leikanna www.iceland2015.is og skrá sig til þátttöku í þessu spennandi verkefni.

Íþróttakonur og íþróttamenn ársins 2013

Þann 28. desember 2013 hélt ÍSÍ hóf sitt, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2013 var tilkynnt, í Gullhömrum í Grafarholti. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttaféttamanna á Íþróttamanni ársins 2013 lýst.

Afreksmannasjóður UMSK



Afreksmannasjóður UMSK er myndaður af ákveðnum hluta þeirra tekna sem koma frá Lottói. Stjórn UMSK úthlutar styrkjum samkvæmt umsóknum sem berast. Úthluta skal úr sjóðnum 3 sinnum á ári og skal auglýsa sérstaklega eftir umsóknum í sjóðinn. Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni. Kosið skal um fjóra einstaklinga á ársþingi en fimmti stjórnarmaður er skipaður af stjórn UMSK.

Úthlutunarreglur:

1. Þátttaka í viðurkenndum Norðurlandamótum, Evrópu mótum, heimsmeistaramótum og Olympíuleikum (leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sér-sambandi).
2. Þátttaka þjálfara í viðurkenndum þjálfaranámskeiðum erlendis sem ekki er hægt að sækja hér heima. Sjóðsstjórn ákveður fjölda styrkja sem í boði eru hvert ár og skulu þeir auglýstir sérstaklega.
3. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður hafi verið valinn í úrvals hóp til þátttöku í Olympíu-, Norðurlanda-, Evrópu- eða heimsmeistaramóts.
4. Almennt skal miða við að styrkupp hæð sé 20% af flugfargjaldi eða lágmarksupphæð sem sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.
5. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjenda.
6. Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum.
7. Umsók um styrk skal hafa borist eigi síðar en þremur mánuðum eftir að móti lýkur.
8. Afreksmannasjóður UMSK úthlutar þrisvar sinnum á ári. Í fyrstu úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði, í annari úthlutun allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af fyrstu úthlutun og í þriðju úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af annarri úthlutun.
9. Á ársþingi UMSK veitir sjóðurinn styrk til afreksmanns og afrekshóps ársins.

Reglugerð um heiðursveitingar UMSK

1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. Starfsmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
2. Silfurmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
3. Gullmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.
4. Heiðursviðurkenning UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.
5. Félagsmálaskjöldur UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.
6. Afrekshópur UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
7. UMFÍ-bikarinn skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
8. Frjálsíþróttabikar UMSK, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.
9. Sundbikar UMSK, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.
10. Fimleikabikar UMSK, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári.
11. Dansbikar UMSK, gefinn af Sindra-stál, skal veita árlega á ársþingi UMSK til pars sem skar að hefur fram úr í dansi á liðnu ári.



Frá félögum



UMFÁ



Aðalfundur UMFÁ var haldinn 18. apríl 2013 í Íþróttamiðstöð Álftaness.

Eftirfarandi einstaklinar voru kjörnir í stjórn:
Guðjón Þorsteinsson - formaður

Eiríkur Ágúst Guðjónsson - varaformaður
Einar Georgsson - gjaldkeri
Sveinborg Lovísa Hauksdóttir - ritari
Birgir Karl Ólafsson - meðstjórnandi
Björg Rúnarsdóttir - meðstjórnandi
Jónas Guðmundsson - meðstjórnandi

Varamenn:

Ágúst Auðunsson
Einar Sigurgeir Helgason

Ungmennafélag Álftaness er með 6 deildir starfræktar, þ.e. knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, badmintondeild, blakdeild, frjálsíþróttadeild og almenningsíþróttadeild. Félagið er einnig í samstarfi við sunddeild Stjörunnar og boðið er upp á æfingar í Álftaneslaug auk þess sem iðkendur UMFÁ eiga kost á að sækja æfingar í Garðabæ. Þetta er fjórða árið sem félögin eru í samstarfi og hefur það mælst vel fyrir. Sunddeild Stjörunnar sér einnig um sundnámskeið leikskólabarna á sumrin í Álftaneslaug.

Knattspyrnudeildin býður upp á æfingar sem kallast "Bolti og leikur" þær eru ætlaðar börnum á leikskólaaldri. Þar er boðið upp á léttar fótboltaæfingar í bland við þrautabrautir og aðrar æfingar sem stuðla að aukinni hreyfifærni barnanna. Mikið er lagt í þessar æfingar og þátttakan hefur verið frábær.

Blak er vaxandi íþróttagrein á Álftanesi og þá aðallega hjá fullorðnum. Nú eru bæði starfandi karla- og kvennablaðið sem taka þátt í Íslandsmótinu. Kvennalið Álftaness varð Íslandsmeistari í 2.deildinni.

Meistaraflokkur karla í körfubolta tók aftur til starfa í haust eftir árs hlé og hóf keppni í 2.deildinni á Íslandsmótinu.

Félagið býður upp á íþróttaskóla barnanna sem fyrr en þar geta börn á leikskólaaldri stundað alhliða hreyfinám undir handleiðslu þriggja íþróttatræðinga. Ætla má að yfir 80% leikskólabarna á Álftanesi stundi einhverja hreyfingu hjá félaginu, annað hvort í íþróttaskólanum eða í "Bolta og leikja" tímunum.

Skokkhópur var formlega stofnaður árið 2010. Forsvarsmenn hópsins hafa aðstoðað nýliða við að komast af stað og hefur hlaupurum fjölgað umtalsvert á síðustu mánuðum.

Frjálsar íþróttir hafa fest sig vel í sessi sem íþróttagrein hjá félaginu. Iðkendum hefur fjölgað jafnt og þétt í gegnum árin og nú æfa rúmlega 30 börn frjálsar íþróttir. Félagið byrjaði í haust að bjóða upp á badmintonæfingar. Um er að ræða tilraunaverkefni í samstarfi við Badmintonfélag Hafnarfjarðar.



Bogfímifélagið Boginn



Aðalfundur Bogfímifélagsins Bogans fyrir starfsárið 2013 var haldinn 31. nóvember 2013 í Bogfímisetrinu við Furugrund í Kópavogi.

Stjórnina skipa:

Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður
Guðjón Einarsson, varaformaður
Lárus Jón Guðmundsson, meðstjórnandi (til 31. nóvember 2013)
Margrét Einarisdóttir, meðstjórnandi (frá 31. nóvember 2013)
Enginn bauð sig fram til gjaldkera eða ritara, og skiptir stjórnin þeim störfum á milli sín.

Félagið var stofnað 2012 með fjölbreyttum markmiðum eins og að breiða bogfími út á Íslandi og bjóða landsmönnum á öllum aldri að geta stundað þessa íþrótt á öruggan hátt. Að styðja þá félagsmenn sem vilja bæta sig í bogfími og senda þá bestu út að keppa fyrir Íslands hönd.

Markmið félagsins á árinu 2013 voru eftirfarandi, byrja með barna og unglingastarf, styrkja kvennastarf innan íþróttarinnar, auka þátttöku í íþróttinni, auka þekkingu á íþróttinni, senda menn út á þjálfara námskeið, senda meðlimi út á alþjóðleg mót og að koma upp útsvæði fyrir Bogfími í Kópavogi. Allt þetta tókst félaginu á árinu 2013 nema að koma upp útsvæði sem tók lengri tíma en við var búist.

258 meðlimir voru skráðir í meðlimaskrá Bogfímifélagsins Bogans á árinu 2013. Undir 18 ára voru skráðir 63 meðlimir. Ekki náðist að uppfæra þessar tölur inn í Felix fyrir lok árs þar sem félagið var ekki komið með aðgang að kerfinu.

Bogfímifélagið Boginn lagði mikla áherslu á að koma af stað barna-, unglinga- og kvennastarfi þar sem það var nánast ekki til á Íslandi. Hægt er að sjá gífurlega aukningu á þáttakendum á mótum á Íslandi 2013 og nánast öll sú aukning er vegna Bogfímifélagsins Bogans, einnig eru töluvert fleiri börn, unglingar og konur að taka þátt á mótum en undanfarin ár, t.d. var keppt í fyrsta skipti í kvennaflokkum á Íslandsmóti utanhús en þær voru allar í Bogfímifélaginu Boganum.

Stefnt er, með reglulegum æfingum barna og unglinga undir leiðsögn þjálfara, á Landsmót 2014 á Sauðarkröki þar sem bogfími verður með í fyrsta sinn. Mörg efnileg ungmenni eru þar meðal nemanda og ætti það að vera gaman að sjá útkomuna.

Það hefur verið mikið og gott samstarf milli Bogans og Bogfimisetturisins sem verður haldið áfram í framtíðinni, þar á meðal fóru öll mót Bogans fram í Bogfimisetrinu í Kópavogi á árinu.

Félagið hélt í heildinni u.þ.b. 90% af öllum bogfimmótum á Íslandi í 2013. Af þeim var Íslandsmótið innanhús í apríl það stærsta. Boginn var mjög sigursæll á mótum hér heima og mun bæta árangurinn til muna árið 2014.

Meðlimir í Boganum tóku einnig þátt í mótum erlendis, þeir voru einnig sigursælir á öðrum mótum eins og á Alþjóðlegu Reykjavíkurleikum (RIG) og Tambar Open á Færeyjum.

Einnig sendum við einn meðlim á Evrópumeistaramótið í Field bogfimi í Terni, Ítalía, fyrir hönd Bogans í lok ágúst.

Fjórir af keppendum sem skraddir voru á heimsmeistarmót í bogfimi í Nimes, Frakkland, eru meðlimir í Boganum. Einnig er þetta í fyrsta skipti sem Íslendingar keppa í liðakeppni og er búist við góðum árangri.

Markmiðin 2014 eru meðal annars að koma upp eldri flokka starfi, styrkja kvenna, barna og unglingastarfið með því að fjölga þjálfurum fyrir þá flokka, byrja með blindra bogfimi, auka mótahald og auka þátttöku og árangur Íslands í erlendum mótum og fá tún eða land sem við getum skotið á utanhúss.

Formaður og varaformaður félagsins fóru til Belgiu á alþjóðþjálfaranámskeið og annar þeirra var með hæstu skráðu einkunn í sögu prófsins. Framför er eina leiðin hjá okkur.



Gerpla



Íþróttafélagið Gerpla hélt aðalfund 30.september síðastliðinn.

Eftirfarandi aðilar skipa stjórn félagsins:

Harpa Þorlákssdóttir, formaður.
Alma Hliðberg, Arnar Ólafsson,

Davíð Ingason, Margrét Auðunsdóttir,
Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, Sigurrós Pétursdóttir.
Framkvæmdastjóri: Auður Inga Þorsteinsdóttir.

Á aðalfundinum tók Harpa við formennsku af Jóni Finn-bogasyni sem stýrt hefur félaginu síðastliðin tíu ár og var Jóni þakkað fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fimleikahreyfingarinnar á þessum tímamótum.

Mikið og fjölbreytt þjónustuframboð einkennir starfsemi félagsins og er mjög mikil ásókn í félagið eins og verið hefur undanfarin ár. Félagið leggur áherslu á samhæfingu, gæðastýringu og eftirfylgni hjá hópum félagsins. Mjög viðamikil kennsluhandbók sem er nýttgefin leikur þar lykilhlutverk. Félagið hefur á að skipa mjög færum þjálfurum og rúmlega 20 þjálfarar eru í fullu starfi við þjálfun hjá félaginu en alls eru um 120 þjálfarar hjá Gerplu í vetur.

Langir biðlistar eru staðreynd og sérstaklega hefur reynst erfitt að úthluta plássum til iðkenda á aldrinum 7-9 ára þar sem það losna örfá pláss fyrir þennan aldur. Samkvæmt spám sem Fimleikasambandið hefur tekið saman sem gera ráð fyrir áframhaldandi miklum vexti í greininni og skipulagi á uppbyggingu í Kópavogsbæ þá er raunhæft að áætla að þó nokkur hluti þessara væntanlegu iðkenda hafi áhuga á því að stunda fimleika hjá Gerplu og því ljóst að vinna þarf að því að finna lausn á þessum vanda.

Stjórnendur og starfsmenn félagsins hafa undanfarna mánuði tekið á við krefjandi verkefni í tengslum við nýtingu á mannvirkjum félagsins. Félagið er með gríðarlega mikla nýtingu á æfingasalnum og í haust voru teknar sársaukafullar aðgerðir varðandi fjölda æfingatíma í sal og heildarfjölda iðkenda í salnum hverju sinni. Þá fékk félagið úthlutuðum nokkrum tímum í öðrum íþróttahúsum hjá Kópavogsbæ sem komu að góðum notum og eins þá leigir félagið aðstöðu hjá öðrum fimleikafélögum fyrir iðkendur félagsins. Félagið hefur átt í samskiptum við Kópavogsbæ varðandi úrlausnir á húsnæðismálum félagsins og eru málin í vinnslu en nú þegar er ein tillaga í formlegu ferli hjá skipulagsyfyrvöldum.

Gerpla hefur lagt mikla áherslu á úrbætur í áhaldamálum til þess að tryggja öryggi iðkenda. Kópavogsbær hefur komið að endurnýjun áhalda skv. samningi við félagið en einnig hefur félagið lagt fram háar fjárhæðir til þess að flyta fyrir endurnýjun áhalda. Þrátt fyrir miklar aðgerðir þá eru nokkuð mörg áhöld sem þarf að endurnýja og biða þess.

Félagið stóð fyrir stefnumótunarvinnu í haust og nýlega lágu niðurstöður hennar fyrir og stjórn og starfsmenn hafa nú þegar hafist handa við að vinna eftir niðurstöðum þess.

Iðkendur félagsins hafa nú sem áður verið í fararbroddi í íslensku fimleikahreyfingu. Félagið á Íslands- og bikarmeistararitla í öllum flokkum í áhalda og hópfimleikum og meistaraflokkur félagsins varði Norðurlandameistararitilinn í hópfimleikum í nóvember. Það er í fyrsta skipti í 20 ár sem lið í kvennaflokki nær því. Liðið hefur hlotið fjölda viðurkenninga og var m.a. tilnefnt sem lið ársins hjá Íþróttafréttamönnum og hlaut viðurkenningu sem lið ársins hjá Kópavogsbæ. Iðkendur félagsins voru í landsliði Íslands sem vann keppni á Smáþjóðaleikum í fimleikum og eins þá unnu iðkendur til verðlauna á einstökum áhöldum bæði í karla og kvennakeppninni. Að lokum er vert að minnast á að Norma Dögg Róbertsdóttir var varamaður í úrslitum á stökki á Evrópumóti í vor og er það besti árangur í áhaldafimleikum sem Íslensk fimleikastúlka hefur náð.

Félagið fagnar ávallt vori með glæsilegri vorsýningu. Sýningarnar í vor fór fram fyrir uppseldu húsi á fimm sýningum þar sem iðkendur og þjálfarar fóru á kostum.

GKG

Ágætu félagar í GKG.



Starfsárið 2013 var 20. starfsár GKG og gekk það vel á flestum sviðum og gefur okkur tilefni til að horfa til framtíðar með tilhlökkun. Félagslega erum við á góðu róli, þó félagsaðstaðan sé alls ekki nægilega góð, en segja má að við höfum unnið þrekvirkni á því sviði við mjög erfiðar aðstæður. Kannski höfum við sannað hið fornkvæða að „þröngt mega sáttir sitja“. Stjórn GKG hefur síðustu ár lagt höfuð áherslu á að bæta vellina og má fullyrða að nú séu þeir komnir í slíkt ástand að okkur er sómi að. Við munum að sjálfsögðu halda áfram þeirri vinnu því kannski má segja að alltaf sé hægt að gera vellina betri, og það er gaman að segja frá því, að margir kunnáttumenn í golfvallarfræðum telja Leirdalsvöllinn vera einn besta golfvöll á landinu í dag. Það var ákveðið fyrir nokkrum árum að við höldum upp á 20 ára afmæli GKG m.a. með því að halda Íslandsmótið í höggleik árið 2014. Við



teljum nú að vallaraðstæður hjá okkur séu orðnar slíkar, að við getum haldið þetta stærsta golfmót ársins með sóma á næsta ári og bjóðum alla bestu kylfinga landsins velkomna til okkar.

Stjórnarstörf

Eftir síðasta aðalfund, sem haldinn var 29. nóv. 2012, var stjórn GKG svona skipuð:

Guðmundur Oddsson, formaður,
 Áslaug Sigurðardóttir, varaformaður
 Kristinn Jörundsson, gjaldkeri, Símon Kristjánsson, ritari
 Gunnar Jónsson, meðstjórnandi,
 Bergþóra Sigmundsdóttir, meðstjórnandi
 Gunnar Páll Þórisson, meðstjórnandi,
 Ragnheiður Stephensen, varamaður
 Einar Gunnar Guðmundsson, varamaður,
 Jón K. Baldursson, varamaður.

Samskipti við sveitarfélögin

Golfklúbburinn okkar verður 20 ára 24. mars á næsta ári. Hvort sem okkur líkar eður ei hefur þessi tímapunktur verið mikill viðmiðunarpunktur í hugum margra sem ráða miklu um uppbyggingu á starfsemi GKG. Þó við höfum haft í förum okkar viljayfirlýsingu frá bæjarstjórum Kópavogs og Garðabæjar frá árinu 2006, þar sem segir að bæjarfélögin muni standa þétt við bakið á okkur í þeim uppbyggingaráformum sem framundan væru, hafa engar byggingar risið enn.

Á síðustu fundum með bæjarstjórum Kópavogs og Garðabæjar höfum við lagt áherslu á eftirfarandi:

1. Íslandsmótið í högggleik verður haldið á Leirdalsvelli sumarið 2014 og við höfum gert ráð fyrir kostnaði upp á ca 10 – 11 milljónir vegna þess. Við óskum eftir að sveitarfélögin styrki klúbbinn.
2. Hönnun á nýjum skála fyrir klúbbinn verður að fara í gang á næsta ári og óskum við eftir stuðningi frá sveitarfélögunum.
3. Þá sögðum við bæjarstjórunum að klúbburinn yrði 20 ára hinn 24. mars n.k. og við vildum að sveitarfélögin skrifuðu undir byggingasamning við GKG þann dag um byggingu á golfskála, sem yrði ca 500 fermetrar að grunnfleti og á tveimur hæðum.

Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð frá báðum sveitarfélögunum við þessum óskum okkar og ég vil leyfa mér að vona að bygging á nýrri félagsaðstöðu fyrir GKG verði hafin fyrir aðalfundinn haustið 2014.

Fjármálin

Rekstur klúbbsins gekk mjög vel á þessu starfsári og skilaði 15 milljónum í tekjuafgang. Rétt er að benda á, að þessi tekjuafgangur hefur allur verið notaður til nýrra fjárfestinga á völlum. Félagsgjöldin skiluðu okkur 4% meir í tekjur í ár en í fyrra, samdráttur var í vallargjöldum og boltasölu. Hins vegar var veruleg aukning í fyrirtækjastyrkjum og tekjum af

mótum, en mótin voru þó ekki fleiri en árið á undan. Launaliðir hækkuðu um 8% milli ára og framkvæmdir jukust um 30%.

Glæsleg afrek

Klúbbmeistarar GKG í meistarflokki karla og kvenna árið 2012 urðu þau Ragna Björk Ólafsdóttir og Alfreð Brynjar Kristinsson. Margir kylfingar úr GKG náðu glæsilegum árangri á árinu. Hæst ber árangur Birgis Leifs Hafþórssonar sem varð Íslandsmeistari í högggleik árið 2013. Auk þess hefur Birgir Leifur verið að standa sig vel á hinum ýmsu mótum erlendis, en hann er án alls vafa besti kylfingur Íslands í dag. GKG varð Íslandsmeistari í 1. deild kvenna í sveitakeppni GSÍ í fyrsta sinn. Með sigrinum tryggði sveitin sér þátttökurétt á EM klúbbaliða sem haldið var í Búlgaríu í haust, en sveitin náði þar 8. sæti, sem er glæsilegur árangur. Gunnhildur Kristjánsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir og Ragna Björk Ólafsdóttir léku fyrir GKG. Karlasveitin varð í öðru sæti 1. deild eftir að hafa tapað fyrir Keili í hreinum úrslitaleik. Þá urðu þau Aron Snær Júlíusson og Gunnhildur Kristjánsdóttir stigameistarar í sínum aldursflokkum og þau voru síðan útnefnd efnilegust úr hópnum pílta og stúlkna af Afreksnefnd GSÍ. GKG er með öflugasta barna- og unglingastarfið á landinu. Í klúbbnum eru fjölmargir mjög efnilegir unglingar sem munu halda merki klúbbsins hátt á lofti næstu árin. Það hefur verið markviss stefna okkar að gefa okkar unga fólki kost á auknum æfingum og betri aðstæðum til golfþjáfnar. Þetta starf er nú að skila okkur miklum árangri á landsvísi og GKG á mikinn fjölda mjög efnilegra unglinga sem stöðugt eru að bæta sig og eru nú þegar komnir í hóp þeirra allra bestu á landinu. Við eigum að halda afrekum okkar fólks hátt á lofti og nýta okkur þennan góða árangur til frekari framdráttar. Það eflir allt okkar starf og hvetur okkur til frekari dáða.

Guðmundur Oddsson formaður.



Íþróttafélagið Glóð



Aðalfundur félagsins var haldinn 23. janúar 2013.

Stjórn sem skipti þannig með sér verkum:

Formaður; Sigurbjörg Björgvinsdóttir

Varaformaður; Lára Helgadóttir

Gjaldkeri; Jóhanna Axelsdóttir

Varagjaldkeri; Rósa Benónýsdóttir

Ritari; Svanfríður Magnúsdóttir

Vararitari; Ása Fanney Þorgeirsdóttir

Meðstjórnandi; Elvar Þorvaldsson

Stjórn Glóðar 22 stjórnarfundir auk nokkurra vinnufunda með þjálfurum og nefndamönnum.

Fyrsta verkefnið á starfsárinu var Öskudagshátíðin í íþróttahúsinu við Austurberg, þar sem Glóðarfélagar sýndu með glæsibrag. Félagar Glóðar tóku þátt í mörgum mótum og sýningum en stærstu verkefnið voru landsmót 50+ í Vík í Mýrdal, en þaðan komu félagarnir með alls 9 verðlaun og Norrænir dansdagar í Hveragerði í september. Félagarnir unnu til verðlauna t.d. á Íslandsmeistaramóti í Línudansi í apríl og á Fimleikalífi haldið í byrjun maí. Formaður íþróttanefndar var Sigríður Bjarnadóttir.

Á vegum Fræðslunefndar voru flutt áhugaverð fræðsluerindi. Formaður nefndarinnar er Ragna Guðvarðardóttir. Skemmti- og fjáröflunarnefnd félagsins var afar fjölmenn þetta starfsár og ber að þakka hversu margir sáu um skemmtidagskrár og safna peningum. Nefndin starfaði af miklum krafti á árinu og gekk vonum framar að safna fyrir útgjöldum. Formaður nefndarinnar, Svanfríður Magnúsdóttir.

Þjálfarar félagsins voru sem fyrr Margrét Bjarnadóttir, Óli Geir Jóhannesson, Ásta S. Gylfadóttir og Svanþór Laxdal en auk þess kom gestaþjálfari Margrét Erla Maack með eitt námskeið í magadansi.

Átak var gert til að kynna félagið í upphafi haustannar. Birtar voru greinar og auglýsingar í blöðum. Unninn var upplýsingabæklingur sem dreift var í um 400 eintökum. Félagar kynntu félagið í Glóðarbúningum í Smáralind og einnig var opið hús með keppni í pönnukökubaksti í Gjabakka í lok ágúst. Félagið var kynnt á kynningardögum í félagsheimilunum Gjabakka, Gullsmára og Boðanum í byrjun janúar og september. Þá voru auglýsingar um starfseminu í Staður og stund í Mogga svo og á upplýsingatöflum félagsheimilanna. Einnig í sundlaugunum, Bókasafninu og víðar. Nú er svo komið að ekki er hægt að auka starfsemi félagsins vegna aðstöðuleysis m.a. til æfinga og einnig aðstöðuleysis vegna daglegs reksturs.

Á starfsdegi félagsins voru unnar siðareglur fyrir félagið og samþykktar á aðalfundi. Reglurnar verða prentaðar í þægilegu vasabroti og þeim dreift til félaga.

Í nóvember barst Glóð erindi frá UMSK um að félagið tæki þátt í stefnumótunarvinnu sem UMSK hyggst vinna í samvinnu við KPMG. Starfshópur var skipaður og lauk hann störfum. Stjórn Glóðar samþykkti tillögur hópsins og verða þær til afgreiðslu á aðalfundi 2014.

Enda þótt mikið hafi verið unnið á árinu er margt ógert. Glóð er núna á sínu tíunda starfsári og er mikill áhugi að vinna að ýmsum verkefnum til að efla félagið.

Að endingu vil ég þakka stjórnarmönnum mínum fyrir gott samstarf og góða fundarmætingu. Nefndarmönnum þakka ég einnig óeigingjarnt starf. Þjálfurum Glóðar vil ég þakka fyrir þeirra frábæru störf í þágu félagsins. Þá vil ég þakka UMSK fyrir frábær samskipti. Síðast en ekki síst þakka ég ykkur ágætu félagar fyrir ykkar framlag. Glóð er eins og önnur félög félagarnir og áhugi þeirra. Án ykkar - engin Glóð

Gefum - Gleðjumst - Njótum
Kópavogi 22. janúar 2014
Sigurbjörg Björgvinsdóttir, formaður



Gróttu



Innan Íþróttafélagsins Gróttu starfa nú fjórar deildir. Þrátt fyrir lítilshátta fækkun barna á Seltjarnarnesi er mikill kraftur í starfi félagsins, enda mikið af góðu fólki sem gefur tíma sinn til að starfa fyrir Gróttu.

Íþróttamaður Gróttu 2013 var útnefndur í byrjun janúar en það var kraftlyftingakonan Fanney Hauksdóttir sem varð fyrir valinu. Við sama tækifæri var Pétur Steinn Þorsteins-son valinn íþróttamaður æskunnar hjá félaginu. Sem fyrr var fjöldi iðkenda félagsins valdir til æfinga hjá landsliðum Íslands.

Aðalfundur allra deild voru haldnir í mars 2013 og voru þeir ágætlega sóttir af félagsmönnum.

Aðalstjórn félagsins í dag skipa þessir:

Formaður, Haraldur Eyvinds
Varaformaður, Hafdís Guðmundsdóttir
Gjaldkeri, Guðjón Norfjörð
Ritari, Hreinn Októ Karlsson
Meðstjórnandi, Ragnar Rafnsson

Kraftlyftingadeild Gróttu er yngsta deild félagsins stofnuð í lok árs 2011 og telur nú um 100 félagsmenn. Starfið var „grjóthart“ og deildin fagnaði mörgum Íslandsmeistarattitlum á árinu og félagið varð bæði Íslands- og bikarmeistari

Stjórn deildarinnar skipa:

Formaður, Erla Kristín Árnadóttir
Varaformaður, Borghildur Erlingsdóttir
Ritari, Brynhildur Björnsdóttir
Gjaldkeri, Hulda Pjetursdóttir
Meðstjórnendur, Ingimundur Björgvinsson,
Sólveig Sigurðardóttir og Aron Lee Du Teytsson
Varamenn, Hafdís Sigurðardóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir

Handknattleiksdeild Gróttu hefur verið starfandi frá 1969. Gróttu teflir nú fram liði í efstu deild kvenna og í 1. deild karla. Unglingastarf deildarinnar er sem fyrr til mikillar fyrirmyndar.

Stjórn deildarinnar skipa:

Formaður, Gunnar Gíslason
Gjaldkeri, Davíð Scheving
Meðstjórnendur, Davíð B Gíslason og
Arnar Kormákur Friðriksson

Stjórn unglingaráðs skipa:

Formaður, Erla Gísladóttir
Meðstjórnendur, Þóra Sigurðardóttir,
Sigurlaug Vilhelmsdóttir

Knattspyrnudeild Gróttu er elsta deild félagsins. Félagið er með lið á keppni í 2. deild karla. Stóráttak hefur verið gert í eflingu kvennaknattspyrnu og yngri flokkar dafna mjög vel.

Stjórn deildarinnar skipa:

Formaður, Hilmar Sigurðsson
Gjaldkeri, Magnús Gunnarsson
Varaformaður, Jón Sigurðsson
Meðstjórnendur, Árni Pétursson,
Sigurður Hilmarsson og Halldór Eyjólfsson

Unglingaráð knattspyrnudeildarinnar skipa:

Formaður, Halldór Eyjólfsson
Meðstjórnendur; Ísak Runólfsson,
Elías Kristjánsson, Svandís Bergmannsdóttir.

Fimleikadeild Gróttu er sem fyrr fjölmennasta deild félagsins. Nokkuð þrengir að starfsemi, en vonir standa til þess að nýtt og stærra fimleikahús rísi á næsta ári

Stjórn deildarinnar skipa:

Formaður, Guðrún Edda Haraldsdóttir
Gjaldkeri, Anna Jónsdóttir
Meðstjórnendur,
Sigrún Hallgrímsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir,
Kristján Mímisson og Sandra Sif Mortens,
Varamenn; María Björg Magnúsdóttir



Handknattleiksfélag Kópavogs



Aðalfundur félagsins fyrir starfsárið 2012 var haldinn 11. apríl 2012 í Fagralundi. Hefðbundin aðalfundarstörf. Niðurstöður rekstrar starfsársins var viðundandi. Kosið var um tvo aðalmenn stjórnar og voru þau Hólmfríður Kristjánsdóttir og Magnús Gíslason kjörin til tveggja ára. Ingibjörg Gunnarsdóttir og Vilmar Pétursson voru kjörnir varamenn til eins árs.

Eftirfarandi skipa því Aðalstjórn félagsins:

Sigurjón Sigurðsson, formaður
Magnús Gíslason, varaformaður
Einar Tómasson, gjaldkeri
Kristinn Gunnarsson, ritari
Hólmfríður Kristjánsdóttir, fulltrúi félaga og stjórna
Ingibjörg Gunnarsdóttir, varamaður
Vilmar Pétursson, varamaður

Eftirfarandi eru formenn deilda:

Guðmundur Víðir Reynisson, handknattleiksdeild.
Jóhann Viðarsson, barna- unglingaráð handknattleik.
Þorsteinn Hallgrímsson, knattspyrnudeild.
Baldur Már Bragason, barna- unglingaráð knattspyrnu.
Hrafnhildur Theódórsdóttir, blakdeild.
Valgeir Hilmarsson, barna- og unglingaráð blak
Magnús Bollason, borðtennisdeild.
Ólafur Már Hreinsson, dansdeild.

Árný Árnadóttir, taekwondo deild.

Atli Þór Hannesson, bandýdeild.

Kunngjört var á Vetrarhátíð félagsins sem haldin var í Digranesi í janúar hver Íþróttamaður HK væri, Ólafur Bjarki Ragnarsson handknattleiksmaður hlaut þann heiður annað árið í röð. Þrettándafagnaður var haldinn að venju í Fagralundi eftir blysför var glæsileg flugeldasýning í umsjón Hjálpasveitar Skáta í Kópavogi.

Akstri Íþróttavagns HK var haldið áfram þar sem viðtökur foreldra og iðkenda hefur verið með eindæmum góð. Vagninn hefur létt verulega á þeim akstri sem foreldrar hafa þurft að keyra með börn sín á æfingar. Vagninn fer fimm ferðir á dag milli eftirtalinna staða Fagralundar, Digranes, Linda-, Sala-, Hörðuvalla-, Vatnsendaskóla og Kórsins. Ekur vagninn fimm daga vikunnar. Samhliða akstri Íþróttavagnsins hefur æfingum yngstu iðkenda verið færð frammar að degi til, þannig að æfingum þeirra flestra er lokið þegar vinnudegi foreldra lýkur. Enn heldur fjölgun iðkenda félagsins að vaxa í flestum deildum.

Gengið var frá langþráðum rekstrasamningi við Kópavogsbæ um íþróttamiðstöðina Kórin við Vallakór. Félagið tekur við rekstri um áramótin, samhliða því tekur Kópavogsbær við rekstri Digranes. Digranes mun þrátt fyrir það vera æfinga og aðal keppnishús félagsins eins og áður.

Meistaraflokkur karla í blaki unnu Íslandameistaratitilinn 2013 ásamt Deildar- og Bikarmeistaratitli. Meistaraflokkur kvenna í blaki urðu Bikarmeistara. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu unnu 2. deild og leika því í 1. deild í ár.



Hestamannafélagið Hörður Mosfellsbæ



Aðalfundur félagsins var haldinn
7. nóvember 2013.

Í stjórn sitja:

Jóna Dís Bragadóttir formaður,
Ragnhildur Traustadóttir gjaldkeri,
Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari,

Alexander Hrafnkelsson,
Haukur Nielsson, Sigurður Guðmundsson, Ólafur Haraldsson,
Gunnar Örn Steingrímsson, Gylfi Þór Þorsteinsson.

Auk aðalstjórnar eru 20 nefndir starfræktar í félaginu, þar sem mjög blómlegt starf fer fram. Við vinnum að því að koma á kennslu í hestafræðum við framhaldsskóla landsins og fl. Auk þess er rekið blómlegt félagsstarf í félaginu fyrir þann breiða hóp hestamanna sem þar eru félagsmenn, en félögum fjölga stöðugt. Starfið í Herði hefur verið nokkuð hefðbundið sl. ár. En í Herði er m.a. rekið öflugt barna- og unglingastarf og ráðinn var ráðgjafi æskulýðsnefndar og

er það Rúna Einarsdóttir. Æskulýðsnefndin stendur fyrir mörgum og fjölbreyttum reiðnámskeiðum, ásamt hópeflisnámskeiðum, kynningu á hestum í Grunnskólum bæjarins, fjölskyldureiðtúrum, páskaratleik og fl.

Fræðslunefnd fatlaðra hefur vaxið og dafnað eins og undan farin ár og hlaut Múrbjótinn sem veittur er þeim er skarað hafa fram úr á sviði fatlaðra og veitt þeim brautargengi, en Landssamtök Þroskahjálpar veita þessa viðurkenningu ár hvert. Það var mikill heiður fyrir félagið að fá þessa viðurkenningu. Starfsemin hefur vakið athygli langt út fyrir Harðarsvæðið og eru börn keyrð m.a. frá Suðurnesjunum og Selfossi til að koma á reiðnámskeið. Einnig er nýjung í starfinu, en nú koma MS sjúklingar og fara á hestbak og eru miklar vonir bundnar við það starf. Nefnin hefur fegnið fyrirtæki til að taka hesta í fóstur, því allt kostar þetta peninga og hefur það gengið þokkalega, en betur má ef duga skal. Berglind Árnadóttir sér um alla kennslu en einnig eru margir sem aðstoða í sjálfböðavinnu og fá nemendur í FMOS einingar fyrir að koma og vinna sem sjálfböðaliðar.

Kvennadeildin stóð fyrir reiðtúrum tvisvar sinnum í mánuði og voru þeir vel sóttir, deildin hefur staðið fyrir þessum reiðtúrum í nokkur ár og hafa þeir mælst vel fyrir, eftir reiðtúrana fá hittast konurnar og fá sér heitt kakó og vöffur. Kvennadeildin hefur jafnframt séð um veitingar á hinum ýmsu uppkomum sem eru í Herði.

Mörg og fjölbreytt mót voru haldin í Herði, m.a. þrjú vetrarmót sem öll voru inni í reiðhöllinni. Firmakeppni Harðar var haldin að venju 1. maí. Haldið var stórt WR íþróttamót sem stóð í 3 daga í maí. Gæðingamót var haldið í byrjun júní. Sumarsmellur Harðar var haldinn í júní og fóru skráningar fram úr björtustu vonum og var þetta mót með stærri mótum á landinu þetta árið. Harðarfélagar fóru ríðandi til Reykjavíkur og tóku Fáksmenn vel á móti okkur. Einnig komu Fáksmenn til okkar og gátum við endurgoldið gestrisnina.

Náttúruleið var riðin að Hrafnhólum, en þar var grillað og fólk skemmti sér við gítarspil og söng. Formannsfrúarkarlareið var farin frá Þingvöllum og tókst vel, en riðið var frá Skógarhólum í Mosfellsbæ og voru 40 karlar sem fóru í ferðina og konurnar sáu um veitingar. Haldið var Lífs-tölmót fyrir konur þar sem safnaðist 1.500.000 sem gefin var til kvennadeildar Landspítalans, öll vinna við mótið var gefin ásamt því að fjölmörg fyrirtæki og stofnanir gáfu vinninga og peningagjafir.

63 ára saga Hestamannafélagsins Harðar kom út á árinu og er það vegleg bók sem Harðarmenn eru stoltir af og markar tímamót í skráningu á sögu Hestamannafélaga á landinu. Helgi Sigurðsson dýralæknir og sagnfræðingur skrifaði söguna. Með sögunni fylgir kvikmynd sem tekin var á Arnarhamri 1953.

Hestaleigan í Laxnesi stofnaði Menntasjóð Laxness og var veitt úr honum í fyrsta skipti nú á árinu, en styrkinn hlaut Hanna Valdís Guðjónsdóttir sem stundar nám í Háskólanum á Hólum í Hjaltadal. Hestamannafélagið Hörður er verndari sjóðsins. Félag 8villtra í Herði afhenti á árhátíðinni 1.000.000 sem þeir höfðu safnað og rann sú upphæð í stækkunarsjóð Harðarbóls. Hestaíþróttamaður Harðar árið 2013 er Reynir Örn Pálmason en þetta er í sjötta sinn sem hann er útnefndur og er hans keppnisárangur sérstaklega farsæll.



Dansfélagið Hvönn



Dansfélagið Hvönn var stofnað 21. október 1995 og er elsta félagið innan Dansíþróttasambands Íslands. Þann 1. janúar 2009 fékk Dansfélagið aðstöðu í Vallarkór 14, glæsilega 400 fermetra aðstöðu ásamt 30 fermetra skrifstofuaðstöðu. Starfið sem hefur gengið vonum framár á árinu 2013 áfram hefur verið haldið á þeirri braut að að fjölga iðkendum og gera aðstöuna enn betri. Þá hefur félagið sett reglur um notkun á farsímum og tölvum á æfingum sem hafa reynst vel, þá er hafin vinna að taka upp siðareglur fyrir alla hjá félaginu og þeir vinna ætti að vera lokið á vormánuðum 2014.

Þá hefur verið tekið upp samstarf við DÍB (dansíþróttafélag Borganess) frá því í haust, en til að dansa tango þarf 2 einstaklinga og höfum við komist að samkomulagi um að annar helmingurinn getur verið félagsmaður í Hvönn og hinn í DÍB og hefur þetta gengið með ágætum en 2 slík pör hafa dansað saman síðan á haustmánuðum 2013 og æft á báðum stöðum.

Stjórn félagsins skipa:

Hafsteinn Örn Guðmundsson formaður,
Aldís Gunnarsdóttir, Örvar Möller, Hildur Ýr Arnarsdóttir og Ida Semey.

Gestþjálfarar hafa komið reglulega til okkar á árinu þeirra þekktust er Manulea Faller en hún er meðal annars í landsliðsþjálfarateymi Þýska danssambandsins.

Aðalþjálfari er Hildur Ýr Arnarsdóttir.



Íþróttafélag aldraðra Kópavogi

Íþróttafélagið starfaði með sama sniði og áður. Leikfímistíminn er 40 mínútur tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum. Vorönn hófst 8. janúar og lauk 14. maí og

haustönn byrjaði 5. september. Jólafríð hófst 17. desember. Félagið hefur, eins og áður, aðstöðu í Digraneskirkju á jarðhæð. Viss tenging er á milli félagsmanna og kirkjustarfs aldraðra í Digraneskirkju. Skráðir félagar eru 98, þar af virkir um 75. Meðaltalsmæting í leikfiminna var 42 en hámarks mæting 60. Í tímum er mikil áhersla lögð á alhliða hreyfingu í upphitun, liðkun liða, þjálfun vöðva og teygjur.

Þátttakendur greiða kr. 1000 á mánuði.

Leiðbeinandi er Fannar Karvel Steindórsson. Hann verður leiðbeinandi félagsins um ókomna framtíð.

Dagsferðir voru og haust hafa verið farnar reglulega og aðsókn hefur verið góð. Sl. vor var farið í lautarferð upp í Helgadal í Mosfellssveit og í haust var Orkuveríð Jörð á Reykjanesi skoðað.

Aðalfundur félagsins var haldinn í Digraneskirkju 9. apríl 2013.

Stjórnina skipa:

Formaður: Hörður Þorleifsson, 280528-4049

Gjaldkeri: Margrét Loftsdóttir, 270442-7069

Ritari: Sigríður Þorsteinsdóttir, 080135-4169

Meðstjórnendur:

Inga Guðmundsdóttir, 101131-4929

Vigdís Jack, 240329-2049



Júdófélag Garðabæjar



Starfsskýrsla JG fyrir veturinn 2013 – 2014
Síðasti aðalfundur var haldinn þann 10. mars 2013.

Í stjórn félagsins eru:

Haukur Hafsteinsson formaður

Gunnar Þorvaldsson gjaldkeri,

Jóhanna S. Sigurðardóttir ritari,

Björn H. Halldórsson meðstjórnandi

Um starfið

Tímabilið 2013-2014 er fjórði starfsvetur Júdófélags Garðabæjar. Starfið hefur verið svipað og undanfarin ár, gengið vel það sem af er vetri og mæting verið góð.

Í vetur höfum við verið með tvo aldurshópa, 7 – 10 ára og 11 – 14 ára. Báðir hóparnir hafa verið ágætlega sóttir en í hverjum hóp eru um 10-15 íðkendur.

JG hefur tekið þátt í nokkrum mótum og gengið vel. Höfum við fengið gull, silfur og brons. Nokkuð sterkur kjarni hefur myndast í félaginu og hefur nánast sami hópur verið með frá byrjun.

Í heildina hefur þátttaka í félaginu verið góð og ljóst að það er mikill áhugi hjá yngstu kynslóðinni. Foreldrar hafa verið mjög jákvæðir gagnvart félaginu og verið mikil hvatning.

Stefnt er að enn frekari uppbyggingu félagsins með því að bjóða upp nýja fjölbreytta tíma með nýjum áherslum.



Golfklúbburinn Kjölur



Aðalfundur Golfklúbbsins Kjalar fór fram 12. desember í hátíðarsal Lágafellsskóla og mættu um 100 félagar á fundinn sem er næst mesta fundarsókn á aðalfundi frá stofnun klúbbsins.

Á fundinum voru rædd venjuleg aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar og reikningar ársins lagðir fram og samþykktir.

Formaður klúbbsins var kosinn Guðjón Karl Þórisson.

Í stjórn klúbbsins annað árið í röð ásamt formanni voru kosnir eftirtaldir:

Hilmar Harðarson, varaformaður,

Margrét Óskarsdóttir, ritari,

Vala Valtýsdóttir, gjaldkeri,

Davíð Gunnlaugsson, meðstjórnandi,

Þórhallur Kristvinsson, meðstjórnandi og

Sigurður Valur Sveinsson sem er varamaður í stjórn.

Almennt gekk félagsstarfið vel. Félagsmenn þetta árið voru um það bil 800 og fjölgaði aðeins minna en ráð var gert í áætlunum. Golfárið var eftirminnilegt fyrir þær sakir að veðrið lék ekki alltaf við okkur. Menn höfðu af því miklar áhyggjur að það gæti skilað sér í verri afkomu golfklúbbsins þar sem færri aðilar kaupa vallargjöld, sem og færri mæti í golfmót. Þetta skarð tókst að fylla að mestu og jukust tekjur Golfklúbbsins Kjalar á árinu og afkoma varð viðunandi eða um 12 milljón króna hagnaður af rekstri klúbbsins. Þar vega þungt vormót, aukning í félagsgjöldum sem og aðrir samningar sem gefa okkur tekjur.

Í upphafi starfsárs voru skipaðar nefndir til að leggja áherslu á hin ýmsu mál í starfi klúbbsins.

Helstu nefndir og formenn þeirra eru eftirfarandi:

Mótanefnd: Siggeir Kolbeinsson,

Vallanefnd: Hilmar Harðarson,

Afreks- og unglinganefnd: Þorsteinn Hallgrímsson

Forgjafarnefnd: Sigurður Rúnar Ívarsson,

Kvennanefnd: Anna Antonsdóttir,

Öldunganefnd: Hákon Gunnarsson,

Gróðurnefnd: Bjarni Ásgeirsson.

Mikil áhersla hefur verið lögð á afreksstarf, barna- og unglingastarf og samskipti við foreldra og foreldrafélag. Við teljum okkur hafa náð góðum árangri í því starfi sem byggja má á til framtíðar. Á árinu var gengið frá styrktarsamningi við Mosfellsbæ um rekstur æfingarsvæða og æfingaaðstöðu til afreksstarfs barna- og unglinga sem einnig gerir okkur kleift að hafa menntaðan golfkennara í fullu starfi hjá klúbbum. Nú í haust gengum við frá framtíðarsamningi við Sigurpál Geir Sveinsson í starf íþróttastjóra og er mikill metnaður í klúbbum fyrir framtíð afreksstarfsins. Með starfi íþróttar-

stjóra mun einnig fylgja aðkoma að stefnumótun afreksstarfs og skipulagningu á allri kennslu klúbbsins. Árið 2013 var nokkuð gott ár í unglínga- og afreksstarfi klúbbsins. Einar Lyng Hjaltason sá um æfingar yfir vetrartímann. Einar Lyng og Davíð Gunnlaugsson sáu síðan um starf sumarsins. Einar Lyng lét af störfum í september.

Golfnámskeið

Golfnámskeiðin gengu vel og voru nokkuð vel sótt miðað við veðurfar sumarsins. Þessi námskeið eru veigamikill þáttur í starfi klúbbsins því flestir af þeim krökkum sem eru í starfinu, stígu sín fyrstu skref á golfnámskeiðum. Theodór Emil Karlsson og Heiða Guðnadóttir sáu um námskeiðin og þeim til aðstoðar voru Gísli Ólafsson, Kristín María Þorsteinsdóttir og Arna Rún Kristjánsdóttir en þær sáu einnig um sérstök golfnámskeið fyrir stúlkur sem voru haldin í fyrsta sinn í langan tíma. Námskeiðið tókstust frábærlega og mældust vel fyrir.

Mótaröð GKj var spiluð annað árið í röð. Nauðsynlegt er að hafa mótaröð sem þessa til þess að fjölga keppnishringjum hjá okkar unglingum og afrekskyflingum. Leikið var í flokki 10 ára og yngri og upp í meistaraflokka.

Við áttum 23 keppendur á Áskorendamótaröð unglínga þetta árið. Andri Már Guðmundsson lék frábærlega á Áskorendamótaröðinni og hafnaði í fjórða sæti á stigalistanum í flokki 14 ára og yngri drengja. Hann náði í eitt brons og eitt silfur. Frábær árangur!

Íslandsbankamótaröð unglínga.

Á Íslandsbankamótaröðinni voru 18 keppendur frá GKj í sumar. Óhætt er að segja að árangur sumarsins hafi verið frábær. Tvöfaldur sigur vannst þegar mótaröðin fór í fyrsta sinn fram á Hlíðavelli en Björn Óskar Guðjónsson sigraði í flokki 15-16 ára og Ragnar Már Ríkarðsson sigraði í flokki 14 ára og yngri. Björn Óskar var einnig í verðlaunasæti á lokamóti ársins sem fram fór á Grafarholtsvelli en þar hafnaði hann í öðru sæti.

Íslandsbankamótaröðin á Hlíðavelli

Stærsta verkefni ársins var mót á Íslandsbankamótaröð unglínga sem haldið var 27. – 28. júní. Þetta er í fyrsta skipti síðan völlurinn stækkaði í 18 holur að við fáum úthlutað móti frá GSÍ. Völlurinn skartaði sínu fegursta og framkvæmd mótsins var ein besta sem sést hefur á mótaröðinni. Skor kyflinga var uppfært á www.golf.is á eftir 5. og 9. braut og því gátu áhugasamir fylgst með hvað var að gerast á golfvöllinum. Framkvæmd mótsins var klúbbum til mikils sóma og viljum við þakka sjálfbodaðliðum sem aðstoðuðu kærlega fyrir hjálpinu.

Keppnisárið – Eimskipsmótaröðin

Þrettán Kjalar menn léku á Eimskipsmótaröð GSÍ þetta sumarið. Nokkrir stígu sín fyrstu skref á mótaröðinni og er jákvætt að Kjalar mönnum fer fjölgandi á mótaröð þeirra bestu. Kristján Þór sigraði lokamótið sem fram fór á Hólmsvelli í Leiru.

Keppnisárið – Sveitakeppni drengja 15 ára og yngri

Í flokki 15 ára og yngri drengja voru sendar tvær sveitir til þátttöku í sveitakeppninni sem fram fór á Hellishólum. Báðar sveitirnar stóðu sig gríðarlega vel. Sveit 1 lék um þriðja sætið af rúmlega 20 liðum en þurftu að jata sig sigræða gegn sterku liði GK. Athyglisvert er að skoða að í liðinu eru einn 15 ára, þrír drengir 13 ára og einn 12 ára þannig að ljóst er að þeir ætla sér enn stærri hluti að ári. Sveit 2 stóð sig einnig virkilega vel og hafnaði í 18. sæti. Drengirnir í sveit

2 voru margir hverjir að keppa í sinni fyrstu sveitakeppni og koma því tvíefldir til leiks að ári. Frábær stemming var í hópnum og góð liðsheild. Stemmingin hjá GKj er umtöluð í sveitakeppnunum. Þegar allir leggjast á eitt er allt hægt.

Keppnisárið – Sveitakeppni stúlkna 15 ára og yngri.

Annað árið í röð var send sameiginleg sveit GKj/GS/GHG til þátttöku í sveitakeppni stúlkna 15 ára og yngri. Keppnin þetta árið fór fram á Flúðum. Stúlkurnar spiluðu frábært golf og höfnuðu í öðru sæti eftir spennandi úrslitaleik við GK. Glæsilegur árangur hjá stúlkunum og annað árið í röð sem þær ná verðlaunasæti í sveitakeppni. Það skiptir miklu máli fyrir klúbbinn að sent sé lið til þátttöku í stúlknaflokki og ekki skemmir svona frábær árangur fyrir. Þakka ber sérstaklega Ingunum tveimur og Kristjáni sem og Heiðu liðstjóra sem hugsuðu vel um stúlkurnar í sumarbústaðnum á Flúðum.

Keppnisárið – Sveitakeppni drengja 18 ára og yngri

Sveitakeppni drengja þetta árið fór fram á Strandarvelli á Hellu. Drengirnir stóðu sig vel og enduðu í 5. sæti eftir sigur á GSS í spennandi leik.

Sveitakeppni GSÍ – meistaraflokkur kvenna

Þetta árið fór sveitakeppni kvenna fram á Hólmsvelli í Leiru. Stúlkurnar léku gott golf og enduðu í 5. sæti. Ljóst er að sveitakeppni 2014 fer fram á Hlíðavelli og ætla stúlkurnar okkar sér stóra hluti á heimavelli næsta sumar.

Sveitakeppni GSÍ – meistaraflokkur karla

Sveitakeppni karla fór fram á glæsilegum Hvaleyrarvelli hjá Keili. Því miður þá gekk ekki nægilega vel hjá drengjunum okkar þetta árið. Úrslitaleikur var leikinn við GS um hvort liðið myndi falla niður í 2. deild. Eftir jafnan og spennandi leik sem tapaðist 3-2 var ljóst að Kjölur leikur í 2. deild árið 2014. Nú er því um að gera að byggja upp og koma sterkir til baka.

Uppskeruhátíð unglínga

Uppskeruhátíð unglínga fór fram 17. október. Veitt voru margvíslegar viðurkenningar og verðlaun. Þau helstu voru eftirfarandi.

Afrek ársins: Ragnar Már og Björn Óskar fyrir sigur á stigamóti á Íslandsbankamótaröð GSÍ

Efnilegust 2013: Kristófer Karl Karlsson og Arna Rún Kristjánsdóttir

Mestu framfarir: Valur Þorsteinsson og Arnór Róbertsson Kyflingur ársins og Háttvísiverðlaun GKj og GSÍ: Björn Óskar Guðjónsson og Kristín María Þorsteinsdóttir

Fjölgun á iðkendum

Agætlega hefur gengið að fjölga iðkendum í barna og unglingastarfinu. Mikilvægt er þó að leggja enn frekar í uppbyggingu á yngstu kynslóðinni með markvissu kynningarstarfi. Golfnámskeiðin eru algjör lykilþáttur í fjölgun hjá börnum og unglingum og vonandi getur við eftir þau enn frekar.

Vetraræfingar 2013

Vetraræfingar eru hafnar og er þátttaka góð. Æft er bæði í Básam og vélaskemmu. Einnig æfa framtíðarhópar auk meistaraflokks einu sinni í viku í reiðhöllinni fyrir skóla.

Unglingaeinvígið í Mos 2013

SAMSUNG – Unglingaeinvígið fór fram á Hlíðavelli í níunda sinn í sumar. Mótið er einn af stærstu viðburðunum í íslensku unglingagolfi og var meðal annars gerður sjónvarpsþáttur um mótið sem sýndur var á Stöð2sport. Mótið tókst

vel í ár en gríðarleg vinna og skipulagning fylgir móti sem þessu. Þökkum við öllum styrktaraðilum mótsins kærlega fyrir þeirra framlag. Án þeirra væri ekki hægt að hafa mótið jafn veglegt og raun ber vitni. Sigurvegari í SAMSUNG-Unglingaevnigisins 2013 er Ingvar Andri Magnússon GR.

Framkvæmdir

Sumarið 2013 var annað sumarið í sögu klúbbsins sem 18 holur voru spilaðar frá opnun að vori. Á vormánuðum var hafist handa við að gera stíg á 3. braut og leggja gervigras á hann til að auðvelda kylfingum umferð. Samhliða stíga-gerðinni var svæði hægra megin við 3. flöt lagað og sett torf á það, þetta svæði var illa farið eftir ágang. Þá var einnig farið í stíga við 13. teig og svæði lagað og tyrft næsta vor. Eftir mótun, lagfæringu og sáningu vinstra megin við 9. flöt var gerður bráðabirgðar stígur að 10. teig, auk þess var glompan framan við flötina kláruð í vor. Hvítu teigur á 5. braut var kláraður og grasstigar settir bæði að honum og inná brautina.

Vinnukvöld í vor var mjög vel sótt af félagsmönnum og vill klúbburinn þakka öllum sem komu þar að verki fyrir ómetanlegt framlag til klúbbsins, enn og aftur sýndu félagsmenn hvað andinn er góður í GKJ.

Síðasta haust kom eitt versta veður sem komið hefur hér í Mosfellsbæ. Varð klúbburinn fyrir töluverðu tjóni í þessum veðurham m.a. brotnaði skjólveggur á æfingasvæðinu niður. Farið var í að reisa nýjan vegg í sumar og styrkja hann. Gámar á æfingasvæði voru færðir til og svæði snyrt til hins betra og svæðið sem losnaði var gert að bílastæði fyrir ca 25-30 bíla. Þá var keyptur 28 m² skúr vegna aðstöðuleysis í gamla skálanum, sem nota á fyrir börn og unglinga klúbbsins.

Lokaorð

Á síðasta aðalfundi var rætt um áherslur varðandi framtíð klúbbsins, áherslubreytingar í þjónustu við klúbbmeðlimi o.fl. sem stjórn ætlaði sér að leggja áherslu á. Snemma árs þegar farið var að skoða þessi mál með viðræðum við Mosfellsbæ og fleiri aðila komu upp umræða um þau tækifæri sem gætu falist í því að sameina Golfklúbbinn Kjöl og Golfklúbb Bakkakots. Það liggur fyrir sú þörf hjá klúbbum að flytja klúbbhús, klára nýtt æfingasvæði sem og ýmsar aðrar framkvæmdir sem settar eru fram sem hluti af því þríhliða samkomulagi sem liggur á borðinu. Fyrir liggur viljayfirlýsing frá Mosfellsbæ um fjárframlög til sameinaðs klúbbs til þessa verkefna verði sameiningin að veruleika.

Motomos



Óbreytt stjórn var við lýði fyrir árið 2013 með Sverrir Jónsson sem formann og Guðni Friðgeirsson sem varaformann. Árið 2013 var mjög viðburðaríkt ár þar sem í fyrsta sinn í sögu félagsins var haldið Íslandsmeistaramót í motocrossi, en þetta er búið að vera draumur félagsins frá því að brautin leit dagsins ljós. Að sjálfsögðu vildi félagið að upplifun keppanda sem og annara aðstanda yrði sem best og var því mikið kapp lagt á að fegra umhverfið með frekari sáningu í kringum brautin og allt húsnæðið og nær umhverfi tekið í gegn. Ný ráshlið voru tekin í gagnið og er félagið eina félagið á landinu með svo kallað "doghouse" þar sem sá sem stýrir hliðinum hefur skjól fyrir aukasti hjólana þegar þau leggja af stað frá ráshliðunum. Lögðu sjálfbóðaliðar á sig mikið og ómælt starf til að allt yrði sem best úr garði gert



fyrir mótið. Kann stjórnin þeim bestu þakkir. Keppnin fór fram 17. ágúst og því miður voru veðurguðirnir ekki í góðu skapi frekar en allt þetta sumar og varð þetta ein alls herjar drullukeppni. Þrátt fyrir það þótti keppnin takast í alla staði mjög vel, var ágætlega sótt og var almenn ánægja með hana. MotoMos mun halda sína aðra keppni í Íslandsmeistaramótinu í motocrossi í ágúst á þessu ári sökum góðs aðbúnaðar og skemmtilegri lögun brautar.

MotoMos hefur alltaf átt mjög frambærilega einstaklinga í þessu sporti og hefur félagið undantekningarlaust átt fulltrúa í landsliði Íslands sem tekið hefur þátt í MXON (Motocross of Nations) frá upphafi þátttöku Íslands sem hófst 2007. Þar eru saman komnir þrír bestu ökumenn frá hverju landi í motocrossi frá yfir 100 löndum og leiða þeir saman hesta sína eina helgi á ári. Þessi keppni á rætur að rekja til stríðsloka þegar að hermenn sem öku mótórhjólum í stríðinu vildu fagna stíðslokum og í framhaldinu var ákveðið að halda keppni þar sem þátttakendum frá mörgum löndum tóku þátt sem síðan hefur þótt einn stærsti viðburður sportsins á hverju ári. Fulltrúi MotoMos að þessu sinni var Eypór Reynisson. Þess má geta að liðstjóri landsliðsins kemur úr röðum MotoMos en það Gunnlaugur Karlsson, margfaldur Íslandsmeistari í motocrossi og enduro.

MotoMos og sportinu áskotnaðist sá mikli heiður á árinu að einstaklingur úr okkar röðum var valin íþróttamaður Mosfellsbæjar en þetta er ein stærsta viðurkenning sem einn einstaklingur innan bæjarfélagsins getur fengið á ári hverju. Það var engin annar en Kjartan Gunnarsson sem hlaut þessa miklu viðurkenningu. Einnig hlutu ungir og efnilegustu ökumenn MotoMos viðurkenningu fyrir góðan árangur á árinu og má þar nefna Brynju Hlíf Hjaltadóttir í kvennaflokki sem jafnframt kom til greina sem íþróttakona Mosfellsbæjar og Óliver Örn Sverrisson í drengjaflokki. Er það vona félagsins að þessar viðurkenningar verði sportinu til framdráttar og jafnframt hvatning til annara ungra ökumanna.

MotoMos er með tvær brautir á sínum snærum á sínu svæði. Eina fullbúna keppnisbraut sem er ca. 1,7 km á lengd og svo barnabraut sem er ætluð yngstu fulltrúum sportsins. Félagið er með skipulagðar æfingar fyrir alla aldurshópa þó áherslan sé tímælalastað á yngstu aldurshópum og upp að tvítugu. Var mikið um æfingar í sumar á svæðinu og má segja að í nánast allt sumar hafi verið æfingar á opnunartíma. Félagið hvetur alla sem áhuga hafa að koma og sérstaklega þá yngstu iðkendurna en við erum að sjá marga upprennandi stjórnur stíga sín fyrstu skref í barnabrautinni hjá okkur. Félagið gerir ráð fyrir að vera með skipulagðar æfingar fyrir komandi sumar og verða þær auglýst nánar þegar nær dregur að heimasíðu félagsins, www.motomos.is.

MotoMos er ungt félag og félagið er og verður aldrei annað en það fólk sem stendur á bakvið það. Mikið sjálfbóðaliðastarf er unnið innan félagsins og leggja margir einstaklingar þar á sig ómælda vinnu sem seint verður metin til fjár. Allir sem áhuga hafa á að starfa með félaginu geta haft samband við stjórn þess í netfanginu motomos@internet.is eða komið á næsta auglýsta opnunartíma og boðið fram krafta sína.



Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar

Mót á vegum Kraftlyftingafélags Mosfellsbæjar 2013:

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar hélt á árinu innanfélagsmót þar sem kepptur 5 keppendur. Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar hjálpaði til á mótum á vegum Kraftlyftingasambandsins.

Nú er brýnt að bæta aðstöðuna hér í Mosfellsbæ, við sjáum að við erum að missa keppendur til annara félaga þar sem pláss og tæki og aðstaða er orðin mjög góð. Það er orðið brýnt af fá meira pláss og nýjan búnað til að mæta kröfum í þeirri hörðu samkeppni sem orðin er í dag. Mun KFM fara í fjárfestingar í búnaði og einning munum við fara fram á betri aðstöðu við Mosfellsbæ, við erum engu að síður með keppendur sem munu láta að sér kveða á árinu 2014.



Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar



Kraftlyftingafélag Seltjarnarness – Zetorar, var stofnað í ársbyrjun 2011, fyrst kraftlyftingafélaga á Seltjarnarnesi. Var félagið núnda kraftlyftingafélagið undir hatti Kraftlyftingasambands Íslands sem er hluti af ÍSÍ. Að stofnun félagsins komu 13 íþróttamenn úr ýmsum áttum, þar á meðal knattspyrnu, körfuknattleik, handknattleik, skíðum, golfi og

fimleikum. Tilgangur félagsins er fyrst og fremst að stuðla að framgangi kraftlyftinga sem líkamsræktar og keppnisíþróttar. Þess má til gamans geta að innan Zetoranna eru nokkrir fyrrverandi landsliðsmenn í sinni íþrótt, Ólympíufari, hermaður frá norska hernum, einn fremsti Boot Campari landsins að ógleymdum fimleikamanni ársins 2010. Vaxandi áhugi er á félaginu og hefur félagið m.a. fengið til liðs við sig karla- og kvennakeppendur bæði úr Boot Camp og Cross Fit. Í félaginu eru tæplega fjórutíu iðkendur og keppendur, þar af nokkur fjöldi kvenna.

Félagið setti á laggirnar Seltjarnarnesmótið í bekkpressu sem félagið hélt í samvinnu við Gróttu árið 2012. Það var í alla staði vel heppnað en mótið var kynningarmót þar sem ófélagsbundnum var einnig gert kleift á að keppa við hlið keppenda innan KRAFTS. Tæplega 30 keppendur tóku þátt í mótinu og fjöldi áhorfenda lagði leið sína í Íþróttamiðstöð Seltjarnarness, enda í fyrsta skipti sem haldið er kraftlyftingamót á Nesinu.

Kraftlyftingafélag Seltjarnarness sendi 4 keppendur á Íslandsmótið í bekkpressu í fyrra, þar af þrjár konur. Allir keppendur unnu til verðlauna og komu íslandsmeistaratitlar í hús í tveim flokkum. Félagið sendi átta keppendur til keppni á árinu 2012 og unnu fimm þeirra til verðlauna. Þrátt fyrir að félagið sé lítið náði það 7. sæti í heildarstigafjölda á síðasta ári (af tólf félögum sem sendu menn til keppni). Félagið lenti einnig í 7. sæti árið 2012.



Golfklúbburinn Oddur



GOLFKLÚBBURINN
ODDUR

Stjórn GO:

Ingi Þór Hermannsson, formaður,
Guðmundína Ragnarsdóttir, varaformaður
Þorvaldur Þorsteinsson, gjaldkeri.
Sigurjón Jónsson, ritari
Svavar Geir Svavarsson, meðstjórnandi
Ágústa Arna Grétarsdóttir, varamaður

Aðalfundur klúbbsins var haldinn 9. desember 2013.

Óhætt er að segja að veðrið hafi leikið stórt hlutverk í starfsemi Odds á starfsárinu sem nú er á enda. Maímánuður hefur ekki mælst kaldari frá árinu 2005, úrkomudagar í júní hafa ekki verið fleiri síðustu 10 ár og sólskinsstundir ekki færri síðan 1995. Júlí var sá kaldasti síðan 2002 og sá úrkomumesti frá 2001. Ágúst reyndist einnig sá kaldasti frá 1993, leita þarf til 6 ár til baka til að finna meiri úrkomu og 13 ár aftur til að finna færri sólskinsstundir. Þrátt fyrir óhagstæða tíð var völlurinn opinn inn á sumarflatar frá 11. maí – 19. október sem var, þrátt fyrir ótíðina, aðeins tveimur vikum skemur en árið áður.

20 ára afmæli Odds

20 ára afmælis klúbbsins var minnst með margvíslegum hætti á starfsárinu. Hæst bar afmælisveisla sem félagsmönnum, velunnurum og gestum var boðið til föstudaginn 14. júní, á stofndegi félagsins. Við þessi tímamót var ákveðið að sæma fimm heiðursmenn gullmerki félagsins fyrir brautryðjendastörf og mikilvægt framlag þeirra fyrir vöxt og viðgang klúbbsins. Þeir eru Ingjaldur Ásvaldsson, Jón Otti Sigurðsson, Óskar Sigurðsson, Páll Jóhannsson og Páll Kristjánsson. Einnig var fyrirtækinu E.T. ehf. veitt heiðursviðurkenning fyrir ómetanlegan og skilyrðislausan stuðning við klúbbinn í 20 ár.

Efnt var til afmælisferðar til La Sella á Spáni um miðjan október. Griðarlegur áhugi var fyrir ferðinni og nutu riflega 80 félagsmenn glaðlegrar og gefandi samveru auk alls þess besta sem Spánn hefur að bjóða í vikutíma. Frábærlega tókst til og óhætt er að segja að mikil ánægja hafi ríkt.

Félagsstarf

Skráðir félagsmenn í Oddi voru í lok starfsársins 1.153 og fjölgaði félögum um 10 frá fyrra ári.

Félagsstarf með hefðbundnu sniði. Vetraraðstaðan okkar í Kaupþúni þokast smátt og smátt fram á við. Í vetur voru til að mynda teknir í notkun tveir nýir golfhermar og skipt var um teppi á þúttflöt og flötin byggð upp. Mikið og blómlegt starf var í Kaupþúni frá áramótum og fram á vor.

Meistaramót klúbbsins var haldið í fyrri hluta júlí samkvæmt venju. Þrátt fyrir ótið var þátttakan mjög góð og skráðu 267 kylfingar sig til leiks í 25 flokkum. Klúbbmeistarar í ár urðu þau Andrea Ásgrímsdóttir og Rögnvaldur Magnússon. Meistaramótinu lauk með veglegu lokahófi, glæsilegum veitingum, verðlaunaafhendingu og tónlistarflutningi.

Endurnýjun samnings við landeigendur

Skrifað hefur verið undir endurnýjun á samningi við GOF um leigu á golfvelli, mannvirkjum og tækjum til næstu þriggja ára. Samningurinn tryggir að ráðist verður í tímaþæra endurnýjun á tækjabúnaði til umhirðu vallarins. Gert er ráð fyrir að 50 milljónum króna verði varið til tækjakaupa yfir samningstímabilið.



Skotfélag Kópavogs



Aðalfundur Skotfélags Kópavogs var haldinn í félagsaðstöðu okkar í Íþróttahúsinu í Digranesi miðvikudaginn 20. febrúar 2013.

Stjórn félagsins var endurkjörin einróma og hana skipuð:

Stefán Eggert Jónsson formaður,
Jón Pétursson varaformaður,
Ólafur Sigvaldason gjaldkeri,

Stefán Sigurðsson ritari og Pálmi S. Skúlason meðstjórnandi. Stefán Sigurðsson fór úr stjórn um vorið og sæti hans tók Steinar Einarsson 1. varamaður.

Félagið heldur áfram að stækka og stöðugt bættast fleiri iðkendum í hópinn. Yfir veturinn er opið hjá okkur alla virka daga á milli 20 og 22 nema fimmtudaga, þá byrjum við klukkan 17 og erum með opið til 23. Lokað er fyrir hefðbundnar æfingar yfir sumartíman.

Thomas Viderö er sá skotmaður í Skotfélagi Kópavogs sem náði hvað bestum árangri á árinu 2013. Hann vann loftskammbyssu keppnina á Smáþjóðaleikunum í Luxembourg síðasta sumar. Hann bætti svo við gull medalíu á Landsmóti UMFÍ á Selfossi fyrir UMSK og Bára Einarsdóttir, sem nýlega er byrjuð að æfa og keppa í loftskammbyssu hafnaði í öðru sæti.

Alþjóðaskotsambandið breytti reglum sínum um áramótin 2012 - 2013 í ríffilgreinum þannig að við talninguna var bætti við tíunda hluta úr stigi. Við þetta þurkuðust út gildandi Íslandsmet og því ljóst að nokkur ný Íslandsmet myndu líta dagsins ljós á síðasta ári.

Enskur Ríffill (50 M liggjandi)

Í Enskum Ríffli (50 M liggjandi) á félagið jafnan flesta keppendur á lands- og Íslandsmótum. Í liðakeppni setti A-lið félagsins Íslandsmet á árinu 2013, sem var svo aftur bætt á nýliðnu Landsmóti af sama liði. A-lið félagsins skipa Jón Þór Sigurðsson, Arnfinnur Auðunn Jónsson og Stefán Eggert Jónsson.

Arnfinnur Jónsson átti Íslandsmetið í einstaklingskeppni um tíma eftir að hafa bætt met Guðmundar Helga Christensen úr SR á Íslandsmótinu síðasta vor. Jón Þór Sigurðsson bætti það met svo á Landsmóti í desember síðastliðnum. Á Landsmóti UMFÍ á Selfossi náðu félagar í Skotfélagi Kópavogs í 4 af 5 efstu sætum fyrir UMSK. Jón Þór Sigurðsson varð í fyrsta sæti, Stefán Eggert Jónsson í öðru, Bára Einarsdóttir í fjórða og Sigurður R. Haraldsson endaði í fimmta sæti.

Loftgreinar

Vaxandi áhugi er á loftgreinum og þar höfum við staðið okkur mjög vel að undanförunu. A-lið félagsins í loftskammbyssu karla hefur unnið öll landsmótin á þessu tímabili. Thomas Viderö er okkar besti skotmaður í loftgreinum og Bára Einarsdóttir hefur náð eftirtæktaverðum árangri á mjög stuttum tíma.

Skammbyssugreinar

Mjög mikil aukning er á ástundun í öllum þeim skammbyssugreinum sem við bjóðum uppá, þær eru eftirtaldar: Sport skammbysa, Gróf skammbysa, Stöðluð skammbysa og Frjáls skammbysa.

Í þessum greinum nær keppnisfólk félagsins jafnan nokkuð góðum árangri á Landsmótum og í Íslandsmótum. A-lið félagsins varð Íslandsmeistari í Staðlaðri-, Gróf- og Sportbyssa á síðasta ári og Eiríkur Jónsson varð Íslandsmeistari einstaklingskeppni í Grófbysa.

Kveðja:

Stefán Eggert Jónsson Formaður SFK



Fótboltafélagið Skínandi

Fótboltafélagið Skínandi var stofnað í janúar 2012. Félagið var stofnað til þess að veita ungu og efnilegu knattspyrnufólki fleiri úrræði til þess að vaxa og eflast sem knattspyrnumenn. Skínandi er í miklu og góðu samstarfi við UMF Stjörnuna um rekstur 2. flokks karla og er meginuppistaða leikmanna í meistaraflokk Skínanda einnig gjaldgengur með 2. flokk Stjörnunnar/Skínanda. Ennfremur leika með Skínanda leikmenn sem gengið hafa upp úr yngri flokka starfi Stjörnunnar og fá verkefni hjá Skínanda. Æfingar Skínanda og 2. flokks Stjörnunnar/Skínanda eru sameiginlegar, auk þess sem þjálfarar eru þeir sömu.

Sumarið 2012 voru Ásmundur Haraldsson, Björn Músson og Kristján Músson þjálfarar liðsins. Keppnistímabilið hófst vel með sigri í C-deild Lengjubikarsins í maí. Ekki tókst að fylgja eftir þessu góða gengi og endaði Skínandi í neðsta sæti síns riðils í 3. deild Íslandsmótins.

Keppnistímabilið 2012-2013 voru Rúnar Páll Sigmundsson og Þórhallur Siggeirsson þjálfarar liðsins. Skínandi náði sínum fyrsta sigri í bikarkeppni KSÍ en féll svo út í annarri umferð. Gengi á Íslandsmótinu skánaði frá fyrra ári, en í keppni 4. deildar varð Skínandi í 2. sæti síns riðils, en féll út í úrslitakeppni og náði ekki sæti í 3. deild.



Hestamannafélagið Sóti



Aðalfundur Sóta var haldinn 13. desember 2012. Í stjórn 2013 voru;
Steinunn Guðbjörnsdóttir, formaður
Elisabet Birgisdóttir, gjaldkeri
Haraldur Aikman, ritari
Jörundur Jökulsson
Jóhann Þór Kolbeins

Auk þess eru 7 nefndir starfandi í félaginu.

Félagsstarfið hófst með því að nýtt reiðgerði, sem félagar smíðuðu í sjálfböðavinnu haustið 2012, var vígt með pompi og prakt af bæjarstjórum Álfþaness og Garðabæjar. Sama dag var Bessastaðanesið smalað en það er árlegur viðburður og hefur verið reynt að skapa réttarstemningu „í borg“.

Með tilkomu þessa nýja lokaða gerðis var boðið uppá reiðnámskeið fyrir félagsmenn, bæði börn og fullorðna og var góð þátttaka á fullorðinsnámskeiði. Æskulýðsstarf var öflugt að venju og ýmsar uppákomur á vegum æskulýðsnefndar sem lesa má í skýrslu sem send var til LH. http://www.lhhestar.is/static/files/aeskulyds_skyrslur/2013/soti.pdf

Vetrarleikar voru með nokkru öðru sniði en sett var upp þrautabraut (smali) í gerðinu þar sem skipt var í lið og öttu liðin kappi sín á milli á fyrstu þremur vetrarleikum. Gaf þetta öllum tækifæri á að keppa, ekki bara þeim sem eiga góða keppnishesta – sannkallaður ungmennafélagsandi. Liðin lögðu mismikla vinnu í búninga en allir skemmtu sér konunglega en alls öttu 5 lið kappi. Einnig voru hefðbundinn mót s.s. firmakeppni, íþróttamót og gæðingakeppni.

Skemmtanir voru hefðbundnar s.s. Góðugleði og hinn árlegi ratleikur um Álfþanesið sem unninn er í samvinnu við önnur félög á Álfþanesi, leikur sem enginn félagsmaður má missa af. Farið var í ferð á hrossaræktarþú og horft á Stóðhestaveislur en ferðin var í boði stjórnar fyrir alla sjálfböðaliða sem höfðu unnið við gerðissmiði. Æskulýðsnefnd fór einnig í helgarferð með börnin.

Einnig tók Sóti virkan þátt í hestadögum í Reykjavík með því að halda opinn dag fyrir íbúa sveitarfélagsins þar sem teymt var undir börnum, boðið uppá kjötsúpu og Svala, hestafótbolti sýndur í gerðinu sem og félagsmenn tóku þátt í skruðgöngu í miðbænum. Dagurinn tókst einstaklega vel og fékk félagið marga gesti inn í hverfið.

Að venju var sumarþráttstykkið úthlutað til félagsmanna og annarra sem hafa áhuga og hefur þetta verið ein helsta tekjulind félagsins sem og haustbeitin í Bessastaðanesi.

Um áramót (2012/2013) sameinaðist sveitarfélagið Álfþanes við Garðabæ og helstu breytingar sem urðu á högum Sóta var fjárhagur þess vænkaðist við undirskrift nýs samnings.

Hestamannafélagið Sóti horfir björtum augum fram á veginn og vonandi ber félagið þá gæfu að vera áfram minnsta en skemmtilegasta félagið á höfuðborgarsvæðinu.

Íþróttafélagið „Stál-úlfi“



Keppnistímabilið 2013 var fjórða starfsár Stál-úlfs. Aðalfundur félagsins var haldinn þann 16. mars í fundarsal Trefja ehf. í Hafnarfirði.

Eftirfarandi einstaklingar voru kjörnir í stjórn félagsins 2013:

Algirdas Slapikas – formaður,

Erikas Milleris – varaformaður,

Vytautas Lipskas – gjaldkeri,

Mindaugas Andrijauskas – ritari,

Rui Pedro De Jesus Pereira,

Sergej Diatlovic og Vytautas Lekavicius meðstjórnendur.

Á vegum félagsins eru bæði körfubolta- og fótballalið sem spila í meistaraflokki karla. Æfingar liðsins fóru fram í Kórnum þrisvar í viku. Körfuballalið „Stál-úlfs“ endaði í 7.



sæti B riðills í 2. deild karla í vor. Æfingar liðsins fóru fram í Kórnum þrisvar í viku. Fótþolaliðið Stál-úlfs í fyrsta sinn tók þátt í öllum mótunum sem KSÍ bauð upp á - Lengjubikarnum, 4. deild karla, Borgunarbikarnum og Íslandsmóti innanhús.

Bikarkeppni KSÍ

Í 64-liða úrslit Stál-úlfarnir tóku á móti 2 deilda lið Gróttu á gervigrasvelli við Kórnum og töpuðu leiknum í góðri baráttu með minnsta mun 1:2 (1:1).

Íslandsmót - 4. deild karla B riðill

Síðasta sumar spilaði liðið í B-riðli ásamt Berserkjum, Skínanda, KB, KH, Skallagrím, Kormáki/Hvöt og Snæfelli og var hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppni 4. deildar. Stál-úlfarnir náðu sínum besta árangri og enduðu í þriðja sæti riðlsins með sömu stigatölu og Skínandi (27 stig) vegna slakari markatölu.

1. Berserkir	36 stig
2. Skínandi	27 stig
3. Stál-úlfur	27 stig
4. KB	26 stig
5. Skallagrímur	18 stig
6. KH	17 stig
7. Kormákur/Hvöt	5 stig
8. Snæfell/Geislinn	4 stig

Liðið sat síðan eftir sem það lið í 3 sæti úr þremur riðlum sem var með lakasta árangurinn sem réðst af markatölu.

1. Álftanes úr A riðli	27 stig	39-14 +25
2. Hvítli riddarinn úr C riðli	27 stig	41-28 +13
3. Stál-úlfur úr B riðli	27 stig	27-23 +4

Æfingar liðsins fóru fram á útigervigrasvellið við Kórin og Fagrilundi þrisvar í viku. Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfboðaliðastarfi.

Iðkendar

Fjöldi iðkenda er svipaður í knattspyrnu og verið hefur 53. Iðkendum í körfuknattleik hefur fjölgað og þeir eru 33 samtals. Samtals eru 86 iðkendar. Aðrir félagsmenn eru 3 samtals.



UMF Stjarnan

Aðalfundur félagsins var haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 15 maí. 2013 og var hann vel sóttur. Dagskrá fundarins var hefðbundin. Eysteinn Haraldsson var fundarstjóri.

Kynntar voru skýrslur stjórna og deilda og reikningar lagðir fram. Heildarvelta félagsins á árinu 2013 var 473,7 milljónir króna og hagnaður af rekstrinum var 21,8 milljónir. Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða á fundinum.

Jóhann Steinar Ingimundarson var endurkjörinn formaður félagsins. Í aðalstjórn félagsins voru endurkjörin þau Sigurður Bjarnason, Viðar Erlingsson, Þorsteinn Þorbergsson og Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir og í varastjórn þau Ragnheiður Traustadóttir og Victor Ingi Olsen. Úr varastjórn gekk Sara Rut Unnarsdóttir. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Sigurður Bjarnason er varaformaður, Þorsteinn Þorbergsson gjaldkeri, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir ritari og Viðar Erlingsson meðstjórnandi. Framkvæmdastjóri sem fyrr var Páll Grétarsson sem færði sig síðan í stól fjármála- stjóra um áramótin 2013/2014. Við starfi framkvæmdastjóra tók Jóhannes Egilsson.

Íþróttastarfið í Stjörnunni var sem fyrr í miklum blóma.

Hlaupahópur Stjörnunnar er orðinn einn stærsti og öflugasti hlaupahópurinn á höfuðborgarsvæðinu.

Meistaraflokkur karla í handknattleik lék til úrslita í bikarkeppninni og endaði í 2. sæti í 1. deild. Meistara-flokkur kvenna endaði í öðru sæti Úrvalsdeildar.

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu varð á árinu Íslandsmeistari með fullt hús stiga. Þá náði Meistaraflokkur karla í knattspyrnu þeim áfanga að tryggja sér þátttökurétt í Evrópukeppni að ári.

Meistaraflokkur karla í körfubolta varð bikarmeistari eftir glæsilegan sigur á Grindavík.

Á árinu rann Kraflyftingafélag Garðabæjar – Heiðrún inn í Stjörnuna með stofnun Kraflyftingadeildar félagsins. Starfið í yngri flokkunum er öflugt sem fyrr og vannst fjöldi titla í yngri flokkum flestra deilda félagsins.

Á Íþróttahátíð Garðabæjar í byrjun janúar 2014 voru Jóhann Laxdal og Harpa Þorsteinsdóttir valin íþróttakarlar og íþróttakona Garðabæjar fyrir árið 2013, en þau áttu bæði frábært knattspyrnutímabil. Þá fékk Páll Grétarsson heiðursviðurkenningu bæjarins fyrir áratuga störf að íþróttamálum í bænum.



Tennisfélag Garðabæjar



Stjórn Tennisfélags Garðabæjar skipa:

Eypór Rafn Þórhallsson formaður,
Luigi Bartolozzi meðstjórnandi, Þórunn Bergsdóttir gjaldkeri og Davíð Ármann Eypórsson ritari.

Tennisfélag Garðabæjar hefur átt í mjög góðu samstarfi við Tennisfélag Kópavogs og Tennisdeild BH í Hafnarfirði um sameiginlegar tennisæfingar fyrir börn og unglinga í Tennishöllinni að Dalsmára 13 í Kópavogi. Tennisæfingarnar samanstanda af Tennisskóla, Tennisakademíu og Tennis- og leikjaskóla.

Félagið hefur jafnframt boðið upp á æfingar fyrir yngstu aldurflokkana í Ásgarði í Garðabæ

Keppnishald félaganna samanstendur m.a. af mánaðarlegum tennismótum og vikulegum áskorendakeppnum fyrir efni- legustu og lengst komnu börn og unglinga.

Tennisfélag Garðabæjar hefur haft tryggan aðgang að að- stöðu til tennisíðkunar fyrir félagsmenn sína í Tennishöll- inni að Dalsmára. Þó aðstaðan sé staðsett í Kópavogi hefur nálægð Smárans við Garðabæ gert það að verkum að aðstað- an hefur nýst félaginu mjög vel og hlutfallslega eru margir Garðabæingar að æfa tennis miðað við önnur sveitarfélög í nágrenninu

Yfirþjálfarar félagsins á árinu voru Jón Axel Jónsson, Milan Kosicky og Davíð Ármann Eypórsson.

Félagið hefur notið mikils stuðnings Tennishallarinnar á sl. fimm árum frá stofnun félagsins auk árlegs styrks frá Garðabæ.

Siglingafélagið Ýmir



Aðalfundur Ýmis 2013 var haldinn 14. febrúar 2013.

Efirfarandi kjörnir í stjórn:

Aðalsteinn Jens Lofsson, formaður

Ólafur Hafsteinsson, varaformaður

Friðrik Hafbert, ritari

Hlynur Hreinsson, gjaldkeri

Kjartan Sigurgeirsson meðstjórnandi

Í varastjórn voru kjörin;

Margrét Björnsdóttir, Birgir Ari Hilmarsson og

Gunnar Gunnarsson



Félagið var með öflugt barna- og unglingastarf og tóku iðkendur þátt í fjölmörgum mótum á árinu. Einnig sóttu iðkendur félagsins æfingabúðir Siglingasambands Íslands sem haldnar voru á Akureyri.

Félagið hélt á árinu þrjú mót, sem voru eftirfarandi: Opnun- armót kæna, Lokamót kjölbáta og hið árlega Áramót sem félagið heldur alltaf á gamlársdag. Sumarmót kjölbáta sem félagið átti að halda féll niður vegna of fárra þátttakenda. Ýmir hélt á árinu tvö fræðslukvöld sem voru vel sótt og í sumar voru vikuleg félagskvöld þar sem eldri félagar koma saman og skella sér í siglingu.

Félagið sendir út á hverju ári nokkur fréttabréf en það er nú gert rafrænt á póstlista félagsins. Þá heldur félagið úti vefsíðu, snjallsímasíðu og að sjálfsgöðu er Ýmir á facebook. Síðast liðið sumar fékk félagið „Bláfánan“ sem er alþjóðleg umhverfisstjórnun fyrir hafnir og baðstaði og umhverfisviður- kenningu Kópavogsbæjar.



Ungmennafélagið Afturelding



Aðalfundur Umf. Aftureldingar fór fram 4. apríl 2013.

Í aðalstjórn voru kjörin:

Guðjón Helgason formaður,

Auður Gunnarsdóttir varaformaður,

Hekla Klemenzdóttir gjaldkeri,

Eymundur Sigurðsson ritari,

Gylfi Gíslason meðstjórnandi,

Lára B Helgadóttir varamaður og

Geirarður Long varamaður í stjórn.

Starfsmann á skrifstofu voru þau Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri, Vilborg Jónsdóttir bókarari og Halldór Steingrímsson íþróttastjóri.

Um haustið varð sú breyting á skrifstofuhaldi félagsins að Jóhann Már hætti sem framkvæmdastjóri og Indriði Jósafatsson varð ráðinn framkvæmdastjóri í hans stað. Indriði hafði áður verið ráðinn sem íþróttastjóri til félagsins um haustið og þegar hann varð framkvæmdastjóri var Konráð Olavsson ráðinn verkefnastjóri með aðaláherslur á fjármál.

Innra starf félagsins gekk vel á árinu 2013 hjá þeim 10 deildum er mynda félagið og fjölbreytileika þess. Á árinu æfðu rúmlega eitt þúsund börn og unglingar með félaginu auk sjö meistaraflokka. Mikil vinna er unnin í sjálfbóðaliðsstarfi í félaginu og margir tilbúnir að leggja hönd á plóginn við mótahald fjáraflanir og margvísleg stjórnarstörf. Fyrir það ómetanlega starf er hér með þakkað. Sérlega er ánægjulegt að sjá hve margir iðkendur úr félaginu voru kallaðir til þess að taka þátt í landsliðsverkefnum á árinu. Þetta sýnir væntanlega best hve öflugt starf er innan deilda Aftureldingar og sókn í starfi félagsins. Vinsælt er að halda fjölíðamót í íþróttamiðstöðinni Varmá og komast færri að en vilja.

Á árinu hefur verið unnið við byggingu fjölnota íþróttahúss sem hýsa mun fimleika, bardagaíþróttir og félagsstarf í félaginu. Eftir tafir sem upp hafa komið á byggingartímanum sjáum við nú fram á að húsið verði klárt í sumarbyrjun og fari í fulla notkun næsta haust.

Tímamótasamningur var gerður á árinu á milli félagsins og Mosfellsbæjar þar sem greint var á milli styrkja frá bænum varðandi skrifstofustarf, yngriflokkastarf og afreksstarfs í félaginu. Línur eru nú mun skýrari hvað varðar yngriflokkastarf, afreksstefnu og rekstrarumhverfi, en mikil vinna hefur farið fram síðustu ár í að laga rekstrarumhverfi félagsins.

Í haust var farið af stað með tilraunaverkefni í samvinnu við UMSK og UMFÍ. Verkefnið var nefnt „Framtíðin“ og var stýrði Viðari Halldórssyni því. Verkefnið er unnið út frá þeirri hugmyndafræði að fá þjálfara til þess að taka þátt í að marka heildarstefnu í þjálfraði annars vegar og hins vegar að efla félagslega þætti í félaginu, á milli deilda, þjálfara, iðkenda og forráðamanna þeirra. Verkefnið stendur nú sem hæst og verður kynnt foreldrum á næstu vikum.

Uppskeruhátið félagsins var haldin í nóvember og var hátiðin skemmtileg samsetning af íþróttakynningum, skemmtiatriðum og viðurkenningum sem veittar voru þeim sem sköruðu fram úr á árinu. Úr þeim föngulega hópi sem stjórnir deilda höfðu tilnefnt til kjörs á sæmdarheitinu Íþróttamaður Aftureldingar og Íþróttakona Aftureldingar valdi svo aðalstjórn félagsins þau Jóhann Jóhannsson og Telmu Rut Frímannsdóttir sem íþróttamann og íþróttakonu Aftureldingar 2013.

Framundan eru mörg verkefni sem byrjað var á í lok ársins eins og sameiginleg eineltisstefna allra deilda félagsins og aðgerðaráætlun sem unnin er með Síðanefnd félagsins og eineltisteymum grunnskólanna.

Að lokum má geta þess að félagið er farið af stað í verkefni er viðkemur mataræði og neysluvenjum iðkenda hjá félaginu. Þetta verkefni Aftureldingar verður síðar mikið og gott innlegg inn í verkefnið „Heilsueflandi samfélag“ sem Mosfellsbær og heilsuklasinn Heilsuvín eru að þróa með Embætti landlæknis. Sem sagt nóg um að vera í Mosfellsbæ þar sem margir taka þátt í gefandi starfi fyrir samfélagið. Indriði Jósafatsson

Framkvæmdastjóri Aftureldingar.



Tennisfélag Kópavogs



Árið 2013 var gott fyrir Tennisfélag Kópavogs. Barna- og unglingastarfið gengur vel og er félagið heppið að hafa mjög góða þjálfara í vinnu. Á árinu voru Jón Axel Jónsson sem jafnframt er formaður TFK og Milan Kosicky yfirþjálfarar og aðrir þjálfarar voru Magnús Gunnarsson, Ragna Sigurðardóttir og Luigi Bartolozzi sem sá um þrekæfingar. Jónas Páll Björnsson er framkvæmdastjóri félagsins og Tennishallarinnar og gengur reksturinn eftir áætlunum.

Barna- og unglingastarf og árangur

Vetraræfingar gengu vel og voru þær í umsjón Jóns Axels Jónssonar, Milan Kosicky og Magnúsar Gunnarssonar. Góð aðsókn var að Tennis- og leikjaskólanum síðastliðið sumar eins og hefur verið reyndar síðustu ár. Ragna Sigurðardóttir og Sandra Dís Kristjánsdóttir sáu um Tennis- og leikjaskólann ásamt Jón Axel og Milan sem sáu um Tennisakademiuna og stóðu þau sig öll vel. Tennisfélag Kópavogs átti marga íslandsmeistara á síðasti ári eins og síðastliðinn ár. Birkir Gunnarsson sigraði Íslandsmót í einliðaleik karla. Börn og unglingar úr TFK fóru erlendis á árinu til keppni. Hinrik Helgason og Vladimir Ristic kepptu í 18 ára og yngri Junior Davis Cup sem er landsliðskeppni 18 ára og yngri. Anna Soffia Grönholm og Anton Magnússon kepptu á Þróunarmóti 14 ára og yngri í Tyrklandi. Sofia Sóley Jónasdóttir keppti á þróunarmóti 12 ára og yngri í Eistlandi og Litháen. Sofia Sóley Jónasdóttir keppti einnig í Danmörku og náði öðru sæti í 12 ára og yngri í móti í Birkerød í Danmörku. Vladimir Ristic keppti einnig á mótum í Danmörku og Serbíu og komst lengst í 8 manna úrslit.

Jón Axel yfirþjálfari fékk hæstu þjálfaragráðu Alþjóða tennissambandsins

Jón Axel Jónsson fékk styrk hjá Ólympíusamhjálpinni til að taka svokallað “level three” “High performance players course” þjálfaranámskeið hjá Alþjóða tennissambandinu en aðeins 12 tennisþjálfarar fá að taka námskeiðið árlega. Jón Axel náði frábærum árangri og fékk einkunnina “excellent” og á þessi þekking Jóns Axels eftir að koma sér mjög vel fyrir starf Tennisfélags Kópavogs.

Evrópumót

Tennisfélag Kópavogs hélt einnig tvö Evrópumót. Í júní fyrir 14 ára og yngri í fimmta sinn þ.e Kópavogur Open og um páskana var haldið Icelandic Easter Open fyrir 16 ára og yngri í þriðja sinn.

Landsliðsmenn

Tveir tennisspilara úr TFK kepptu með landsliðinu á þessu ári þeir Birkir Gunnarsson Íslandsmeistari og Vladimir Ristic.

Fullorðinsstarf

Mikil áhugi er einnig á tennisnámskeiðum fyrir fullorðna og eru t.d margir sem koma á byrjendanámskeið í tennis á sumrin. Í Tennishöllinni eru líka skipulagðir opnir tímar bæði kvennatímar og karlatímar og aðrir opnir tímar þar sem allir geta komið og kynnst öðrum spílurum á svipuðu reki og hafa þessir tímar verið vinsælir.

Mótahald

Tennisfélag Kópavogs ásamt Tennishöllinni stóð að flestum Stórmótum TSÍ sem haldin voru á mánaðarlega í Tennishöllinni. Áskorendakeppni í tennis hélt áfram og hún gefur duglegustu og efnilegustu krökkunum kleift að keppa vikulega eins og bestu krakkarnir gera í útlöndum. Þessi viðbót hefur haft mjög góð áhrif á afreksstarfið og eru krakkarnir að ná upp meiri keppnisreynslu og að fara fram sem tennisspilara.

Stækkun Tennishallarinnar

Ljóst er að Tennishöllin er að verða alltof lítil, fyrir starfið sem blómstrar, búið er að kynna hugmyndir um stækkun Tennishallarinnar innan Kópavogsbæjar og vonast er til að hægt verði að hefja framkvæmdir á árinu 2014. Hjá Tennisfélagi Kópavogs er verið að vinna mjög öflugt barna- og unglingastarf og til að ná þeim árangri sem metnaðurinn stendur til er nauðsynlegt að tennisvöllunum í Tennishöllinni fjölgi. Allir eru velkomir í tennis. Allar upplýsingar er hægt að fá á www.tfk.is eða í síma 564 4030.



Nesklúbburinn



Aðalfundur Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins var haldinn laugardaginn 30. nóvember. Rúmlega 70 félagar sátu fundinn. Lögð var fram skýrsla stjórnar sem og reikningar sem voru samþykktir samhljóða.

Þær breytingar urðu á stjórn að Oddur Óli Jónasson kemur inn í stjórn í stað Þorvaldar Jóhannessonar sem setið hefur í stjórn klúbbsins sem ritari í fjögur ár. Í varastjórn kemur Þuríður Halldórsdóttir inn í stað Jónasar Hjartarsonar sem gaf ekki kost á áfram. Aðrir stjórnarmeðlimir gáfu kost á sér áfram og er stjórn klúbbsins því þannig skipuð ásamt Oddi Óla, Ólafur Ingi Ólafsson formaður, Geirarður Geirarðsson, Arnar Friðriksson og Áslaug Einarsdóttir. Varamenn í stjórn eru þær Guðrún Valdimarsdóttir og Þuríður Halldórsdóttir.

Á fundinum voru afhent þrjú heiðursmerki. Jónasi Hjartar-

syni var veitt silfurmerki Nesklúbbsins, Geirarði Geirarðssyni og Þorkeli Helgasyni voru veitt gullmerki GSÍ, öllum fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu Nesklúbbsins og golfþróttarinnar á Íslandi

Það verður seint sagt að sumarið 2013 hafi verið kylfingum á Nesvellinum hagstætt. Það voraði seint og viðraði heldur illa til golfleiks legst af sumri en afburða blíður október sá þó til þess að margir kylfingar fóru sáttir í vetrarfrí.

Unglingastarf klúbbsins undir handleiðslu Nökkva Gunnarssonar var með miklum ágætum eins og undanfarin ár. Æft var í Lækningaminjasafninu norðan Nesstofu yfir vetrarmánuðina þar sem klúbburinn hefur fengið inniaðstöðu og hefur hún notið mikilla vinsælda á meðal félagsmanna klúbbsins.

Fimmtugasta Meistaramót klúbbsins var haldið í júlímánuði þar sem skráðir voru 203 félagsmenn til leiks. Klúbbmeistari karla er Ólafur Björn Loftsson og klúbbmeistari kvenna Helga Kristín Einarsdóttir.

Einvígið á Nesinu „Shoot-Out“ góðgerðarmótið var venju samkvæmt haldið á frídegi verslunarmanna, núna mánudaginn 5. Ágúst. Mótið var haldið í 17. Skipti og heppnaðist mjög vel þrátt fyrir bæði kulda og mikið rok. Fjöldi áhorfenda lagði leið sína á Nesvöllinn þennan dag og var mótið eins og áður tekið upp og sjónvarpað síðar af Stöð2Sport. Sigurvegari mótsins í ár var Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG. Mótið var sem fyrr styrktarmót og naut í ár Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki góðs af og var í mótslok afhent ein milljón króna.



Breiðablik



Aðalfundur félagsins fyrir árið 2012 fór fram þann 15. maí 2013 og var hann að venju haldinn í fundarsal Breiðabliks í Smára. Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnarmenn og formenn deilda mynda aðalstjórn. Á aðalfundi félagsins þann 15 maí 2013 voru eftirfarandi kjörnir í aðalstjórn: Orri Hlöðversson, formaður, Hannes Strange, varaformaður, Sveinn Gíslason gjaldkeri, Björg Jónsdóttir, ritari, Sunna Guðmundsdóttir meðstjórnandi, Guðmundur Sigurbergsson, meðstjórnandi, Ragnheiður Halldórsdóttir meðstjórnandi, Eiríkur Mörk Valsson, frjálsíþróttadeild, Guðni Hafsteinsson, körfuknattleiksdeild, Indriði Jónsson, karate deild, Borghildur Sigurðardóttir, knattspyrnadeild, Davíð Björnsson, skíðadeild, María Fanndal Birkisdóttir, sunddeild, Halldór Eypórsson, kraftlyftingadeild, Hlynur Örn Gissurarson, taekwondo deild Halldór Grétar Einarsson, skákdeild.

Framkvæmdastjóri félagsins er Kristján Jónatansson.

Starf Breiðabliks gekk vel árið 2013. Mikill vöxtur hefur einkennt starfsemi félagsins um langt skeið og hélt hann áfram á árinu. Margir góðir sigrar unnust utan vallar sem innan. Allar deildir reka öflugt æskulýðsstarf enda er það meginforsenda þegar deildir eru settar á stofn innan félagsins. Afreksfólki Breiðsblíks gekk yfirleitt vel á árinu og var það félaginu til sóma með framgöngu sinni.

Áherslur í mannvirkjamálum breyttust haustið 2012 þegar í gildi gengu áherslur Kópavogsbæjar og fjölgreinafélaganna í bænum um aukna svæðaskiptingu starfseminnar. Þjónustusvæði félagsins, einkum á sviði knattspyrnu, er þar skilgreint sem 2 km radius í kringum höfuðstöðvar Breiðabliks í Kópavogsdal. Í tengslum við nýja stefnu í þessu málum hefur Breiðablik átt í viðræðum við bæjarfélagið um yfirtöku á rekstri stúkumannvirkis við Kópavogsvöll og voru samningar um það á lokastigum í árslok 2013.

Unnið er því að félagið í heild hljóti viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Í tengslum við að var lokið við gerð gæðahandbókar fyrir félagið í heild sem einstakar deildir styðjast síðan við. Kraflyftingadeild náði að ljúka sinni vinnu í þessu verkefni og hlaut viðurkenningu sína seint á árinu 2013. Á þeim tíma var vinna sunddeildar við verkefnið einnig á lokastigum.

Að ósk Kópavogsbæjar hefur Breiðablik fyrir sitt leyti samþykkt að í gang fari vinna sem miðar að því skapa sameiginlegan vettvang íþróttafélaganna í bænum til að gæta hagsmuna íþóttahreyfingarinnar í heild gagnvart bæjarfélaginu. Höfst sú vinna á vegum Kópavogsbæjar haustið 2013 með ráðningu starfsmanns til sex mánaða sem ætlað er að greina hvaða form hentar best utan um slíkan vettvang.

Sambandsþing UMSK

Fulltrúar Breiðabliks fjölmenntu á 89. þing UMSK sem fram fór þann 28. febrúar 2013 í Félagsheimilinu á Sel-tjarnarnesi. Hlutu all-margir Blíkar heiðursviðurkenningar á þinginu. Ester Jónsdóttir, Breiðabliki, var endurkjörin í stjórn UMSK og Guðmundur Sigurbergsson í varastjórn.

Mikillar óánægju gætti á meðal fulltrúa Breiðabliks með samþykkt nýrra reglna um úthlutun UMSK á Lottótækjum til aðildarfélaga.



DÍK

Danspör frá félaginu kepptu á öllum mótum sem DSÍ hélt árið 2013. Einnig tókum þau þátt á Lotto Open og Reykjavík International ásamt því að keppa á mörgum mótum erlendis. Einnig unnu pör frá DÍK sér inn þátttökurétt til

að keppa á Heimsmeistara og Evrópumeistaramótum. Stór hópur keppenda fór á stóra barnakeppni sem haldin er árlega í Blackpool á Englandi og gekk þörunum mjög vel. Það sem stóð uppúr var að Elvar Kristinn og Sara Lind komust í úrslit í bæði latin og ballroom dösnum í barnaflokkum 11 ára og yngri með því að vera í 4. og 6. sæti. DÍK vann helming af öllum Íslands og bikarmeistarartitlum á keppnum sem haldnar voru á vegum DSÍ á árinu. Í janúar var Íslandsmót í 5&5 dösnum. Keppnisþör DÍK unnu 4 titla af 8 mögulegum. Íslandsmótið í 10 dösnum sem haldin var í mars unnu DÍK tvo Íslandsmeistarartitla af fjórum.

Á seinasta móti ársins, Íslandsmeistaramótinu í grunnspor-um og Bikarmeistarmót í frjálsum riðlum unnu keppnisþör DÍK 19 bikar og Íslandsmeistarartitla af 40 mögulegum. Má nefnda að keppnisþör félagsins unnu alla byrjendaflokka sem þau kepptu í.

Við erum rosalega stolt af þessum framúrskarandi árangri okkar á síðasta ári og að geta sagt að við séum bæði með öflugt barnastarf, unglingastarf og landsliðisfólk í okkar félagi.

Höskuldur og Margrét unnu sér réttindi til að fara á öll heimsmeistaramót í sínum aldursflokkum. Latín, Ballroom og í 10 dösnum. Allar þessar keppnir voru haldnar í sitt hvoru landinu og gekk þeim vel.

Þorkell og Denise kepptu á Evrópumeistaramótinu í ballroom í flokki áhugamanna og Heimsmeistaramótinu í ballroom. Birkir og Rakel kepptu einnig á Evrópumeistaramótinu í ballroom sem haldið var á Spáni í mars.

Haldnar voru 2 æfingaferðir á árinu. Eldri þörin fóru út á land og yngri þörin voru í æfingabúðum í dansskólanum. Aðalfundur DÍK var haldin 20. maí 2013.

Stjórnin er skipuð:

Formaður:

Ellen Dröfn Björnsdóttir -

Aðalstjórn.

Edgar Konráð Gapunay, Rakel Ýr Ísaksen, Thelma Magúsdóttir, Perla Rúnarsdóttir

Varamenn:

Grétar Þór Björgvinsson, Freyþór Össurarson.

Höskuldur Þór og Margrét Hörn fengu einnig viðurkenningu fyrir árangur sinn í dansi á árinu 2013 frá Kópavogsbæ. Í A- landsliði DSÍ voru 3 pör. Þorkell Jónsson og Denise Yaghi, Höskuldur Jónsson og Margrét Hörn Jóhannsdóttir, Birkir Örn Karlsson og Rakel Matthíasdóttir Stjórnarmenn DÍK fóru alla formannafundi sem haldnir voru á vegum DSÍ á árinu.

DÍK var með tvo stjórnarmenn í aðalstjórn DSÍ og er formaður mótanefndar félagsmaður í DÍK.

Sprettur



Starfsár Hmf Sprettis hófst með því að félagið fékk nafn og var það gert á fyrsta aðalfundi félagsins sem haldinn var í janúar 2013. Á þeim fundi

var jafnframt kosin stjórn og samþykkt lög fyrir félagið.

Fyrsta starfsár Sprettis tók eðli málsins samkvæmt talsvert mið af starfsemi fyrri ára hjá Andvara og Gusti.

Barna- og unglingastarf var í öndvegi og haldið var úti fjölbreyttu námskeiðshaldi fyrir þann aldurshóp. Þá var einnig boðið uppá reiðnámskeið og reiðkennslu fyrir fullorðna.

Reiðnámskeið voru haldin á Kjávöllum ýmist í gömlu reiðhöllinni eða í reiðhöllinni við Hamraenda sem er í einkaeigu.

Prauta- og leikjadagur var einnig haldinn föstudaginn langa í gömlu reiðhöllinni þar sem myndaðist gríðarleg stemming hjá ungum sem öldnum. Atburður sem þessi nýtur mikilla vinsælda meðal yngstu kynslóðarinnar enda er þar á ferð náð samspil manns og hests. Þarna reynir fyrst og fremst á knapann og traustið milli kanpa og hests og allir geta tekið þátt.

Félagið stóð fyrir skipulögðum reiðtúrum bæði um nær-

umhverfið sem og lengri ferðir, allt upp í heilsdags ferðir. Þátttaka í þessum ferðum er alla jafna góð og er töluverður aldursmunur hjá þátttakendum yngstu þátttakendur um átta ára aldurinn og elstu á tíræðis aldri og sýnir það vel hversu mikil breidd er í íþróttinni.

Hestamannafélagið Sprettur stóð fyrir mótahaldi af ýmsu tagi. Má þar meðal annars nefna, vetraleika sem er þriggja móta röð, karlatölt, firmakeppni, íþróttamót og gæðingakeppni. Þátttaka í þessum mótum var allgóð þrátt fyrir aðstæður eða öllu heldur aðstöðuleysi. Með tilkomu nýrrar aðstöðu sjáum við fram á breytingu í þessum efnum.

Starfsemi Sprettis snerist talsvert um uppbyggingu mannvirkja á athafnasvæði félagsins, keppnisvellir voru kláraðir að mestu og uppbygging reiðhalla hófst. Ný reiðhöll var tekin í notkun 1. febrúar 2014 en áætlað er byggingu hennar ljúki nú á vormánuðum.

Með tilkomu þessara mannvirkja getur hestamannafélagið Sprettur boðið félögum sínum uppá allra bestu aðstöðu til þess að stunda hestaíþróttir. Hestamannafélagið Sprettur er staðsett á Kjóavöllum og liggur því einstaklega vel við reiðleiðum í Heiðmörk og nágrenni. Það eina sem ógnar hestamennsku á athafnasvæði Sprettis eru skipulagsbreytingar sveitafélaga höfuðborgarsvæðisins, en tilhneigingin hjá þeim er að dreifa byggð í útjaðra svæða og skerða með því reiðleiðir á höfuðborgarsvæðinu.

Ísbjörninn

Aðalfundur Ísbjarnarins var haldinn 25. janúar 2014. Á honum voru rædd hefðbunin mál, ásamt því að kjósa í stjórn. Engar breytingar hafa orðið á stjórn félagsins en liðið réð til sín tvo nýja þjálfra fyrir komandi tímabil, þá Sigurður Steinsson og Haukur Benedikt Runólfsson.

Á fundinum var einnig ákveðið að liðið mun spila í nýjum búningum á komandi tímabili. Í stað þess að spila í svörtum eins og síðastliðin ár munum við vera í vínrauðum og appelsínugulum (Roma búning).



Félagið hélt upp á 5 ára starfsafmæli þann 16. mars síðastliðin með heljarinnar veislu þar sem öllum sem komið hafa að félaginu og stuðningsmönnum var boðið.

Árshátíð félagsins var haldin laugardaginn 14. september á samkomustað í miðbæ Reykjavíkur. Verðlaun voru veitt fyrir góða frammistöðu svo fátt eitt sé nefnt en félagsmenn kusu vinningshafa.

Ísbjörninn tók þátt í eftirtöldum mótum á árinu; Valitorbikarinn 2013, Lengjubikarinn og Íslandsmót í knattspyrnu, 4. deild karla.

Stjórn félagsins:

Formaður: Hafþór Karlsson

Varaformaður og framkvæmdarstjóri: Denis Grbic

Gjaldkeri og ritari: Sigurður Rúnar Birgisson

Fjölmiðlafulltrúi: Gunnlaugur Óskar Geirsson

Þjálfarar: Sigurður Steinsson og Haukur Benedikt Runólfsson.



Vatnaliljur

Fyrsti aðalfundur félagsins var haldin 10. janúar 2013

Stjórn félagsins skipa þeir, Ríkharð Óskar Guðnason formaður, Helgi Þorvaldsson varaformaður, Kristinn Pálsson gjaldkeri, Ingi Ernir ritari og Ingvar Magnússon meðstjórnanndi.

Eftir að hafa spilað í utandeildinni síðan 2005 var kominn tími að fara með þetta á næsta plan þannig 2013 var okkar fyrsta ár í Íslandsmóti KSÍ þrátt fyrir að hafa verið starfandi núna í hátt í 10 ár.

Vatnaliljur er félag sem ávallt hefur verið mjög vel rekið, stjórnarmenn og leikmenn hafa átt mjög gott samstarf og hafa sniðugar fjáraflanir í gegnum tíðina verið lykillinn af farsælum rekstri félagsins ásamt því að hver leikmaður greiddi sérstakt æfingagjald mánaðarlega yfir tímabilið.



Lög Ungmennasambands Kjalarnesþings

1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

4. gr. Starfsskýrslur

Aðildarfélag skulu senda starfsskýrslur með félaga- og iðkendatölum og tölum úr ársreikningum fyrir 15. apríl ár hvert. Fyrir 1. apríl ár hvert skulu félögin skila árskýrslum sínum til sambandsins með árituðum ársreikningi. Berist árskýrslur ekki fyrir þennan

tíma er stjórn sambandsins heimilt að fresta greiðslum á hlutdeild viðkomandi aðila í tekjum Íslenskrar getsþá þar til skýrslur berast.

5. gr. Héraðsþing

